

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1208****2021/EES/78/13****frá 7. ágúst 2020**

um skipulag, snið, framlagningarferli og yfirferð á upplýsingum sem aðildarríkin láta í té samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 749/2014 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 frá 11. desember 2018 um stjórnun orkusambandsins og aðgerða í loftslagsmálum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 663/2009 og (EB) nr. 715/2009, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB, 98/70/EB, 2009/31/EB, 2009/73/EB, 2010/31/ESB, 2012/27/ESB og 2013/30/ESB, tilskipunum ráðsins 2009/119/EB og (ESB) 2015/652 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 ⁽¹⁾ einkum 19. gr (5. mgr.), 26. gr. (7. mgr.), 37. gr. (6. mgr.), 38. gr. (4. mgr.) og 39. gr. (3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í fyrirkomulaginu við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 ⁽²⁾ er mælt fyrir um grunnramma vegna vöktunar og skýrslugjafar að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt loftslagsstefnunni. Ákvæði þess fyrirkomulags eru að fullu samþætt í reglugerð (ESB) 2018/1999 sem fellir reglugerð (ESB) nr. 525/2013 úr gildi frá 1. janúar 2021. Innan þess fyrirkomulags er nauðsynlegt að samþykka reglur um skýrslugjöf um landsbundnar aðlögunaraðgerðir, notkun uppboðstekna, fjárstuðning og tæknilegan stuðning til þróunarlanda, bráðabirgðabókhald yfir gróðurhúsalofttegundir, bókhald yfir gróðurhúsalofttegundir og bókfærða losun og upptöku gróðurhúsalofttegunda, reglur um landsbókhaldskerfi, ítarlega endurskoðun, skýrslugjöf um stefnur og ráðstafanir og framreikninga.
- 2) Samþætta vöktunar- og skýrslugjafarkerfið fyrir bókhald yfir gróðurhúsalofttegundir, framreikninga og stefnur og ráðstafanir, þ.m.t. landsbundin kerfi, hjálpar til við að tryggja samkvæmni gagna milli fyrri þróunar losunar, framtíðarþróunar losunar og áhrifa stefna og ráðstafana til að ná fram markmiðum um mildun loftslagsbreytinga. Enn fremur tengist skýrslugjöf aðildarríkja um landsbókhald yfir gróðurhúsalofttegundir með efnislegum hætti við landsbókhaldskerfi sem eru stofnanalegt, lagalegt og málsmæðferðarlegt fyrirkomulag við mat á losun gróðurhúsalofttegunda. Gæði þeirra gagna í landsbókhaldinu sem lögð eru fram eru auk þess sannpröfuð með hinu ítarlega endurskoðunarferli. Því er viðeigandi að taka reglurnar um landsbókhaldskerfi, ítarlega endurskoðun, kerfi fyrir stefnur og ráðstafanir og framreikninga, og kvaðir aðildarríkjanna um skýrslugjöf skv. 4. kafla reglugerðar (ESB) 2018/1999 inn í eina framkvæmdarreglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 278, 26.8.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 223/2021 frá 9. Júlí 2021 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB (Stjttð. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 13).

- 3) Ráðstefna aðilanna að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) ⁽³⁾ sem er fundur aðilanna að Parísarsamningnum ⁽⁴⁾ sem var samþykktur 12. desember 2015 í kjölfar tuttugustu og fyrstu ráðstefnu sammingsaðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (hér á eftir nefndur Parísarsamningurinn), samþykkti, með ákvörðun 18/CMA.1, fyrirkomulag, málsmeðferðarreglur og leiðbeiningar fyrir gagnsæisrammann til aðgerða og stuðnings þar sem m.a. er mælt fyrir um skýrslugjöf um bókhald yfir gróðurhúsalofttegundir, stefnur og ráðstafanir, framreikninga, áhrif og aðlögun og stuðning við þróunarlönd. ESB og aðildarríki þess eiga að láta í té upplýsingar í samræmi við þetta fyrirkomulag, þessar málsmeðferðarreglur og leiðbeiningar í síðasta lagi 31. desember 2024.
- 4) Samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1999 ber aðildarríkjum að leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslur á tveggja ára fresti með upplýsingum um áætlanagerð og stefnuáætlanir sínar um landsbundnar aðlögunarráðstafanir vegna loftslagsbreytinga í samræmi við skýrslugjafarkröfurnar sem samþykktar voru samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Parísarsamningnum. Þessar upplýsingar verða notaðar til að vakta framvindu og aðgerðir til að aðlagast loftslagsbreytingum, til að upplýsa og styðja við framkvæmd og endurskoðun á aðlögunarstefnuáætlun Sambandsins, til að greiða fyrir mati á framvindu ESB í áttina að aðlögunarmarkmiði Parísarsamningsins, til að gera aðildarríkjum og Evrópusambandinu kleift að miðla góðum starfsvenjum og til að meta þarfir þeirra og viðbúnaðarstig til að takast á við loftslagsbreytingar. Aðildarríkin þurfa líka, í samræmi við alþjóðlegt skýrslugjafarfyrirkomulag, að leggja fram yfirlit eða dæmi um góðar starfsvenjur varðandi svæðisbundna starfsemi með það fyrir augum að auka meðvitund um aðlögunaraðgerðir á öðrum stjórnunarstigum og til að gera ESB betur kleift að hvetja til slíkra aðgerða.
- 5) Í ljósi fyrri reynslu af skýrslugjöf um nýtingu uppboðstekna er nauðsynlegt að aðildarríki sem gefa skýrslur um notkun á uppboðstekjum sínum, í jafngildum metnum til fjár, gefi upp verðgildi sem eru dæmigerð fyrir fjárnotkun þeirra í samræmi við 3. gr. d og 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽⁵⁾.
- 6) Skýrslugjöf aðildarríkja um fjárstuðning og tæknilegan stuðning til þróunarlanda ætti að vera eins ítarleg og hægt er og vera lögð fram á stigi áætlana eða starfsemi. Einungis ætti að greina frá upplýsingum sem eru merktar sem „fyrirliggjandi“ ef þær eru tiltækar aðildarríkjunum á þeim tímapunkti þegar skýrslan er fyrst færð inn í skýrslugjafarkerfið. Aðildarríki þarf ekki að útfylla og leggja fram töfluna um fyrirhugaða veitingu stuðnings ef viðkomandi upplýsingar eru ekki tiltækar fyrir alla töfluna, m.a. vegna yfirstandandi eða útistandandi fjárlagagerðar. Til að tryggja samkvæmni ætti aðildarríkjum einnig að vera heimilt að nota skýrslusniðið í lánatilkynningakerfinu sem þróunarsamvinnunefnd (DAC) Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) innleiddi. Samkvæmt ákvörðun 18/CMA.1 er framlagning aðildarríkja á upplýsingum um styrkígildi til skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar valkvæð. Til að tryggja samfellu við skýrslugjöf á alþjóðavísu ætti að samræma skýrslugjafarkröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð, að því marki sem mögulegt er, við viðeigandi ákvarðanir ráðstefnu aðilanna sem er fundur aðila að Parísarsamningnum og viðeigandi breytingar þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar á aðferðafræðinni, þegar þær breytingar liggja fyrir.
- 7) Geirabundið gildissvið bráðabirgðabókhaldsins er samantekt á hæsta stigi á nákvæmara geirabundnu gildissviði heildarbókhaldsins yfir gróðurhúsalofttegundir. Þetta tryggir að áætluð losun og upptaka sem greint er frá í bráðabirgðabókhaldinu fyrir árið t-1 samsvarar mötum í bókhaldi yfir gróðurhúsalofttegundir sem látin eru í té á árinu t-2. Geiri landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF) er óaðskiljanlegur hluti af árlegu bókhaldi og aðildarríkin ættu að hafa áætlaða losun og upptöku úr þeim geira með í bráðabirgðabókhaldi sínu yfir gróðurhúsalofttegundir.

⁽³⁾ Samþykkt með ákvörðun ráðsins 94/69/EB frá 15. desember 1993 um niðurstöður rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Stjútíð. EB L 33, 7.2.1994, bls. 11).

⁽⁴⁾ Samþykkt með ákvörðun ráðsins (ESB) 2016/1841 frá 5. október 2016 um gerð, fyrir hönd Evrópusambandsins, Parísarsamningsins sem var samþykktur samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Stjútíð. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 1).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjútíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

- 8) Til að tryggja gagnsæi skuldbindinga um að draga úr losun, samfelldar umbætur á gæðum og til að greiða fyrir ferlinu við tæknilega endurskoðun sérfræðinga er gerð krafa um mikla tæknilega nákvæmni og upplýsingar í skýrslum aðildarríkja. Enn fremur samþættir reglugerð (ESB) 2018/1999 skýrslugjafarkröfur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/841 ⁽⁶⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 ⁽⁷⁾ innan árlegu skýrslugjafarinnar um bókhald yfir gróðurhúsalofttegundir og aðlagar þær að fimm ára ferli athugunar á að farið sé að tilskildum ákvæðum með því að koma á fót ítarlegu endurskoðunarferli á árunum 2027 og 2032. Því er nauðsynlegt að tilgreina uppbyggingu, snið og ferli skýrslugjafar um fyrirhugaða notkun á sveigjanleika og framkvæmdar millifærslur sem varða losunarúthlutun og um nýtinguna á þeim tekjum sem af því hljótaskvæmt reglugerð (ESB) 2018/842 og að samþætta kröfurnar í reglugerð (ESB) 2018/841 inn í skýrslugjöf um framreikninga. Hvað varðar upplýsingar sem eru látnar í té um framkvæmdar millifærslur samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/841 og reglugerð (ESB) 2018/842 verða upplýsingar um einstök tilkynnt verð fyrir framkvæmdar millifærslur ekki gefnar upp, en gefa ætti upp verðbilið fyrir greidd verð á hverja einingu, þ.e. lægsta og hæsta verð allra færslna sem aðildarríkin tilkynna um.
- 9) Til að tryggja tímanlegar og skilvirkar efndir skuldbindinganna sem settar voru af ráðstefnu aðilanna að Parísarsamningnum er nauðsynlegt að mæla fyrir um tímamörk fyrir samstarf og samræmingu milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna við að semja skýrsluna um bókhald Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir og endurskoða rammisamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Einnig er nauðsynlegt að ákvarða verklag og áætlun við framkvæmd á ítarlegu endurskoðuninni á bókhaldi aðildarríkja yfir gróðurhúsalofttegundir til að tryggja tímanlega og skilvirka framkvæmd hennar.
- 10) Aðildarríki ættu að koma á fót og starfrækja landsbókhaldskerfi til að tryggja og auka gæði bókhaldsins með áætlanagerð, undirbúningi og stjórnun bókhaldsstarfsemi, sem m.a. felst í söfnun upplýsinga um starfsemi, viðeigandi vali á aðferðum og losunarstuðlum, mati á losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka, framkvæmd óvissumats og gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsstarfsemi og framkvæmd málsmeðferðarreglna til að sannprófa gögn úr bókhaldi á landsvísu. Til að viðhalda miklum gæðum landsbókhaldskerfa frá fyrra tímabili þurfa aðildarríkin að halda áfram að beita sömu stöðlum um áætlanagerð, undirbúning og stjórnun bókhalds og mælt er fyrir um í 27.–29. gr.
- 11) Reglur um kerfi fyrir stefnur og ráðstafanir og framreikninga ættu að samræmast viðeigandi ákvörðunum sem stofnanir rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Parísarsamningsins samþykkja, þar eð í ákvörðun ráðstefnu aðilanna að rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, 18/CMA.1, sem er fundur aðilanna að Parísarsamningnum er krafist upplýsinga sem eru nauðsynlegar til að fylgjast með framvindu í tengslum við landsákvörðuð framlög skv. 4. gr. Parísarsamningsins ættu aðildarríkin að leggja fram viðeigandi upplýsingar um stofnana-, stjórnunar- og málsmeðferðarfyrirkomulag sitt við innlenda framkvæmd landsákvæðs framlags Sambandsins.
- 12) Skýrslugjöf um loftmengunarefni samkvæmt tilskipun þingsins og ráðsins (ESB) 2016/2284 ⁽⁸⁾ og um gróðurhúsalofttegundir fylgir að mestu svipaðri aðferð, þ.m.t. aðferðafræðin sem aðildarríkin nota. Þegar gefnar eru skýrslur um stefnur og ráðstafanir og framreikninga og kerfi þeirra í samræmi við VI. kafla þessarar reglugerðar er því stuðst við samræmanlega aðferðafræðilega aðferð með því að taka tillit til stefnanna og ráðstafananna og framreikninganna sem lögð eru fram samkvæmt tilskipun (ESB) 2016/2284.
- 13) Aðildarríki og framkvæmdastjórnin ættu, með aðstoð Umhverfisstofnunar Evrópu, að nota rafræna vettvanginn sem um getur í 28. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 til að gefa skýrslur um alla þætti orkusambandsins. Framkvæmdastjórnin gerir ráðstafanir til að gera kleift að beina þeim upplýsingum, sem þar eru lagðar fram, í gegnum einn inntökustað framkvæmdastjórnarinnar og miðla þeim, eftir því sem við á, til viðeigandi tengdra skýrslugjafarkerfa eins og t.d. Reportnet-vettvangs Umhverfisstofnunar Evrópu.

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/841 frá 30. maí 2018 um að fella losun gróðurhúsalofttegunda og upptöku frá landnotkun, breytttri landnotkun og skógrækt inn í loftslags- og orkurammann fram til ársins 2030 og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 525/2013 og ákvörðun nr. 529/2013/ESB (Stjtið. ESB L 156, 19.6.2018, bls. 1).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 frá 30. maí 2018 um bindandi árlega skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda aðildarríkjanna frá 2021 til 2030 sem stuðlar að loftslagsaðgerðum til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 525/2013 (Stjtið. ESB L 156, 19.6.2018, bls. 26).

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2284 frá 14. desember 2016 um að draga úr landsbundinni losun á tilteknum loftmengunarefnum, um breytingu á tilskipun 2003/35/EB og niðurfellingu á tilskipun 2001/81/EB (Stjtið ESB L 344, 17.12.2016, bls. 1).

- 14) Til að tryggja samræmi við daginn þegar viðkomandi ákvæði reglugerðar (ESB) 2018/1999 koma til framkvæmda ætti þessi reglugerð að gilda frá 1. janúar 2021.
- 15) Í samræmi við 57. og 58. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 fellur reglugerð (ESB) nr. 525/2013 úr gildi frá og með 1. janúar 2021, að undanskilinni 7., 17. (a- og d-liður 1. mgr.) og 19. gr. þeirrar reglugerðar, sem skulu gilda um skýrslurnar sem innihalda gögn fyrir árin 2019 og 2020. Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 749/2014 ætti því að falla úr gildi frá og með 1. janúar 2021 en hins vegar ættu 3. til 18. gr. og 27. til 43. gr. hennar að gilda áfram um skýrslurnar sem innihalda gögn fyrir þau ár.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**I. KAFLI****EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR***1. gr.***Efni**

Í þessari reglugerð eru settar reglur um framkvæmd reglugerðar (ESB) 2018/1999 að því er varðar eftirfarandi:

- a) skýrslugjöf aðildarríkja um landsbundnar aðlögunaraðgerðir, notkun uppboðstekna og fjárstuðning og tæknilegan stuðning til þróunarlanda skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999,
- b) skýrslugjöf aðildarríkja um bráðabirgðabókhald yfir gróðurhúsalofttegundir, bókhald yfir gróðurhúsalofttegundir og bókfærða losun og upptöku gróðurhúsalofttegunda skv. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999,
- c) kröfur um stofnun, starfrækslu og virkni landsbókhaldskerfa skv. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999,
- d) tímasetningu og verklag við framkvæmd ítarlegu endurskoðunarinnar skv. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999,
- e) skýrslugjöf aðildarríkja um landsbundin kerfi fyrir stefnur og ráðstafanir og framreikninga skv. 39. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999.

*2. gr.***Gildissvið**

Þessi reglugerð gildir um skýrslurnar sem aðildarríkin leggja fram og sem innihalda gögnin sem er krafist frá og með árinu 2021.

*3. gr.***Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „sameiginleg skýrslugjafartafla“: tafla fyrir upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka í II. viðauka við ákvörðun ráðstefnu aðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar 24/CP.19 (hér á eftir nefnd ákvörðun 24/CP.19),
- 2) „tilvísunarnálgun“: tilvísunarnálgun milliríkjaneftarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC), sem sett er fram í leiðbeiningum milliríkjaneftarinnar um loftslagsbreytingar um landsbókhald yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006,
- 3) „nálgun 1“: grunnaðferðin við mat á óvissu í leiðbeiningum milliríkjaneftarinnar um loftslagsbreytingar frá 2006,
- 4) „lykilflokkur“: flokkur sem hefur veruleg áhrif á heildarbókhald aðildarríkis eða Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir með tilliti til algilds magns losunar og upptöku, þróunar í losun og upptöku eða óvissu um losun og upptöku,

- 5) „geiratengd nálgun“: geiratengd nálgun milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar sem er sett fram í leiðbeiningum hennar frá 2006,
- 6) „drög að skjölum fyrir bókhald yfir gróðurhúsalofttegundir“: drögin sem er að finna í viðbætinum við leiðbeiningar rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar um skýrslugjöf um árlegt bókhald yfir gróðurhúsalofttegundir eins og þau birtast í I. viðauka við ákvörðun 24/CP.19.,
- 7) „gagnsæisfyrirkomulag, -málsmeðferðarreglur og -leiðbeiningar“: fyrirkomulag, málsmeðferðarreglur og leiðbeiningar vegna gagnsæisræmmans til aðgerða og stuðnings sem um getur í 13. gr. Parísarsamningsins, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við ákvörðun ráðstefnu aðilanna að rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, 18/CMA.1, sem er fundur aðila að Parísarsamningnum,
- 8) „leiðbeiningar um bókhald yfir gróðurhúsalofttegundir“: leiðbeiningar sem eru tilgreindar í 3. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1044 ⁽⁹⁾,
- 9) „endurútreikningur“: málsmeðferð til að endurmeta, í samræmi við leiðbeiningarnar um bókhald yfir gróðurhúsalofttegundir, losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka í áður framlögðu bókhaldi yfir gróðurhúsalofttegundir vegna breyttrar aðferðafræði, breytinga á því hvernig losunarstuðla og gagna um starfsemi er aflað og þau notuð, eða vegna inntöku nýrra upptaka- og viðtakaflokka.

II. KAFLI

SKÝRSLUGJÖF AÐILDARRÍKJA UM LANDSBUNDNAR AÐLÖGUNARAÐGERÐIR, UPPBÖÐSTEKJUR OG STUÐNING VIÐ ÞRÓUNARLÖND

4. gr.

Upplýsingar um landsbundnar aðlögunaraðgerðir

Aðildarríki skulu láta í té upplýsingarnar um landsbundnar aðlögunaraðgerðir sínar skv. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 í samræmi við sniðið sem sett er fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Upplýsingar um notkun uppboðstekna

Aðildarríki skulu láta í té upplýsingarnar um notkun tekna sem aflað er með því að bjóða upp losunarheimildir í samræmi við 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 í samræmi við sniðin sem sett eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

Upplýsingar um fjárstuðning og tæknilegan stuðning við þróunarlönd

1. Aðildarríki skulu láta í té þær meginlegu upplýsingar um opinberan og virkjaðan fjárstuðning sem um getur í i. lið a-liðar og fyrirliggjandi upplýsingar um starfsemi aðildarríkisins sem tengist opinberlega fjármögnuðum tækniyfirfærsluverkefnum og verkefnum til að byggja upp getu í þróunarlöndum samkvæmt rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem um getur í iii. lið a-liðar 2. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999, í samræmi við sameiginlega töflusniðið sem Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) innleiddi fyrir lánatilkynningakerfið eða sniðin sem sett eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

2. Aðildarríki skulu láta í té þær eigindlegu aðferðafræðilegu upplýsingar sem skýra aðferðina sem er notuð við útreikninginn á meginlegu upplýsingunum sem um getur í ii. lið a-liðar 2. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999 í samræmi við sniðið sem sett er fram í IV. viðauka við þessa reglugerð.

3. Aðildarríki skulu láta í té þær fyrirliggjandi upplýsingar um fyrirhugaðan stuðning sem um getur í b-lið 2. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999 í samræmi við sniðið sem sett er fram í V. viðauka við þessa reglugerð.

⁽⁹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1044 frá 8. maí 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 að því er varðar gildi fyrir hnatthlúnarmátt og viðmiðunarreglur um skrár og að því er varðar skráningarkerfi Sambandsins sem og um niðurfellingu framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 666/2014 (Stjóð ESB L 230, 17.7.2020, bls. 1).

III. KAFLI

SKÝRSLUGJÖF AÐILDARRÍKJA UM BRÁÐABIRGÐABÓKHOLD YFIR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR, BÓKHOLD YFIR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR OG BÓKFÆRÐA LOSUN OG UPPTÖKU GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

7. gr.

Skýrslugjöf um bráðabirgðabókhald yfir gróðurhúsalofttegundir

1. Aðildarríki skulu láta í té bráðabirgðabókhald sitt yfir gróðurhúsalofttegundir skv. 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 í samræmi við sniðið sem sett er fram í VI. viðauka:
 - a) eftir aðgreiningarstigi flokka sem endurspeglar gögn um starfsemi og tiltækar aðferðir til að taka saman mót fyrir árið X-1,
 - b) skiptinguna milli losunar sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB og losunar sem fellur undir reglugerð (ESB) 2018/842 eftir upptakaflokki, þar sem hún liggur fyrir, í aðskildum dálkum.
2. Aðildarríki skulu gefa skýringar, þ.m.t. um aðalhvata að þýðingarmestu breytingunum á losun og upptöku sem greint er frá í samræmi við sniðið sem sett er fram í VI. viðauka, samanborið við nýjasta endanlega bókhaldið yfir gróðurhúsalofttegundir sem er lagt fram.

8. gr.

Almennar reglur um skýrslugjöf um bókhald yfir gróðurhúsalofttegundir

1. Aðildarríki skulu láta í té upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 með því að fylla út, í samræmi við leiðbeiningarnar um bókhald yfir gróðurhúsalofttegundir og reglurnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð:
 - a) sameiginlegu skýrslugjafartöflunar með því að leggja fram heildstæðar skrár úr töflureikni eða skrár á XML-ívaðsmálinu, háð tiltækileika viðeigandi hugbúnaðar, sem skulu ná yfir landfræðilegt yfirráðasvæði aðildarríkja samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1999,
 - b) upplýsingarnar sem eru tilgreindar í 9. til 23. gr. þessarar reglugerðar.
2. Aðildarríkin skulu taka saman skýrsluna um landsbókhaldið sem um getur í 3. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 á grundvelli draganna að skjölum fyrir bókhald yfir gróðurhúsalofttegundir og skulu við það fylgja reglunum sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Aðildarríkin skulu færa upplýsingarnar sem lagðar eru fram skv. 9., 10., 12. og 14. til 18. gr. þessarar reglugerðar inn í skýrsluna um landsbókhaldið eða í aðskilinn viðauka við skýrsluna um landsbókhaldið og tilgreina með skýrum hætti í samræmi við VII. viðauka hvar upplýsingarnar eru gefnar upp.

9. gr.

Skýrslugjöf um endurútreikning

Aðildarríki skulu láta í té ástæðurnar fyrir endurútreikningnum á losun gróðurhúsalofttegunda og upptöku þeirra, sem um getur í d-lið 1. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999 á árunum 1990, 2005 og X-3, og hvernig samræmi tímaraðanna fyrir öll uppgöfin ár er viðhaldið á skriflegu formi draga að sérstökum samantektarkafli um endurútreikning á skýrslunni um landsbókhaldið.

10. gr.

Skýrslugjöf um framkvæmd tilmæla

1. Aðildarríki skulu láta í té upplýsingarnar um þær ráðstafanir sem eru gerðar til að bæta mót á bókhaldi sem um getur í g-lið 1. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999 í samræmi við sniðið sem sett er fram í VIII. viðauka við þessa reglugerð.
2. Í skýrslum sínum sem um getur í 1. mgr. skulu aðildarríkin fjalla bæði um vandamál sem komu upp í fyrsta skipti í nýjstu endurskoðunarskýrslunum og vandamál sem hafa endurtekið sig frá fyrri endurskoðunarskýrslum.

*11. gr.***Skýrslugjöf um aðferðir við bókhald, losunarstuðla og um tengdar aðferðafræðilegar lýsingar fyrir lykilflokka Sambandsins**

1. Aðildarríkin skulu láta í té eftirfarandi upplýsingar til samantektar skýrslunnar um bókhald Sambandsins sem um getur í m-lið 1. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999:
 - a) samantekt upplýsinga um þær aðferðir og þá losunarstuðla sem voru notuð fyrir lykilflokka Sambandsins í viðeigandi XML-skrám í sameiginlegu skýrslugjafartöflunum,
 - b) upplýsingar í samræmi við 3. hluta IX. viðauka við þessa reglugerð fyrir umrædda lykilflokka Sambandsins ef upplýsingar um aðferðir og losunarstuðla koma ekki fram í sameiginlegu skýrslugjafartöflunum,
 - c) uppfærðar samantektir á aðferðafræðilegu lýsingunum fyrir lykilflokka Sambandsins í samræmi við sniðið sem sett er fram í 4. hluta IX. viðauka.
2. Að því er varðar skýrslugjöf skv. 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin afhenda aðildarríkjunum eftirfarandi:
 - a) fyrir 31. október, skrána yfir nýjstu lykilflokka Sambandsins í samræmi við sniðið sem sett er fram í 1. hluta IX. viðauka,
 - b) fyrir 28. febrúar, uppfærðu skrána sem um getur í a-lið 2. mgr. með merktum breytingum,
 - c) fyrir 31. október, upplýsingar um aðferðir við bókhald, losunarstuðla og samantekt aðferðafræðilegra lýsinga í samræmi við sniðið sem sett er fram í 2. hluta IX. viðauka, þegar þær liggja fyrir,
 - d) fyrir 28. febrúar, uppfærðu upplýsingarnar sem um getur í c- lið 2. mgr.

*12. gr.***Skýrslugjöf um óvissu og heildstæðni**

1. Aðildarríki skulu a.m.k. láta í té óvissumat unnið með nálgun 1 sem um getur í m-lið 1. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999 í samræmi við sniðið sem sett er fram í X. viðauka við þessa reglugerð.
2. Aðildarríki skulu láta í té upplýsingarnar um almenna matið á heildstæðni sem um getur í m-lið 1. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999 í skýrslunni um landsbókhaldið og tilgreina:
 - a) flokkana sem greint var frá að hafi ekki verið metnir (e. not estimated (NE)), eins og er skilgreint í gagnsæisfyrirkomulaginu, -ferlinu og -leiðbeiningunum, ásamt nákvæmum skýringum á notkun þessa táknykils, einkum ef aðferðir til að áætla gróðurhúsalofttegundir koma fram í leiðbeiningum fyrir bókhaldið yfir gróðurhúsalofttegundir,
 - b) landfræðilegt umfang bókhaldsins yfir gróðurhúsalofttegundir ásamt öllum mismun á landfræðilega umfanginu samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Parísarsamningnum og samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1999.

*13. gr.***Skýrslugjöf um vísa**

Aðildarríki skulu láta í té upplýsingarnar um vísa sem um getur í e-lið 1. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999 í samræmi við sniðið sem sett er fram í XI. viðauka.

*14. gr.***Skýrslugjöf um samkvæmni milli tilkynntrar losunar og gagna úr kerfi ESB fyrir viðskipti með losunarheimildir**

1. Aðildarríki skulu láta í té upplýsingarnar sem um getur í h-lið 1. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999 í samræmi við sniðið sem sett er fram í XII. viðauka við þessa reglugerð.

2. Aðildarríki skulu láta í té upplýsingarnar um niðurstöður úr eftirliti sem um getur í i-lið 1. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999, á textasniði.

15. gr.

Skýrslugjöf um samkvæmni uppgefina gagna um loftmengunarefni

1. Aðildarríki skulu láta í té upplýsingarnar um niðurstöður úr eftirliti sem um getur í i. lið j-liðar 1. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999 og um samkvæmni gagnanna skv. b-lið 1. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999, á textasniði, og tilgreina:

- a) hvort mötin á losun kolsýrings (CO), brennisteinstvíoxíðs (SO₂), köfnunarefnisoxíða (NO_x) og rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda í bókhaldi sem aðildarríkið lagði fram samkvæmt tilskipun (ESB) 2016/2284 samræmast samsvarandi mötum á losun í bókhaldi yfir gróðurhúsalofttegundir samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1999,
- b) framlagningardagsetningar skýrslanna samkvæmt tilskipun (ESB) 2016/2284 sem bornar voru saman við framlagningu bókhaldsins samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1999.

2. Þegar eftirlitið sem um getur í 1. mgr. skilar mismun sem nemur meira en +/-5% milli heildarlosunar að undanskilinni landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt (LULUCF) fyrir tiltekið loftmengunarefni sem skýrsla var gefin um samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1999 og samkvæmt tilskipun (ESB) 2016/2284 skal hlutaðeigandi aðildarríki, auk textaupplýsinganna sem um getur í 1. mgr., láta í té upplýsingar um það loftmengunarefni í samræmi við sniðið sem sett er fram í XIII. viðauka við þessa reglugerð.

3. Aðildarríkjum er heimilt að láta einungis í té þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. ef mismunurinn sem nemur meira en +/- 5%, sem um getur í 2. mgr., stafar af leiðréttingu á skekkjum í gögnum eða mismun á landfræðilegu umfangi eða gildissviði milli viðkomandi lagagæringa.

16. gr.

Skýrslugjöf um samkvæmni gagna úr skýrslugjöf um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir

Aðildarríki skulu láta í té upplýsingarnar um niðurstöður úr eftirliti sem um getur í ii. lið j-liðar 1. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999, á textasniði, og tilgreina:

- a) það eftirlit sem aðildarríkið hefur framkvæmt varðandi sundurliðunarstig, gagnamengi og þær framlagningar sem eru bornar saman,
- b) helstu niðurstöður úr eftirlitinu og skýringar á helstu ósamkvæmni,
- c) hvort gögnin, sem rekstraraðilar öfluðu skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 ⁽¹⁰⁾, voru notuð og hvernig,
- d) hafi eftirlitið ekki verið framkvæmt: ástæðurnar fyrir því að eftirlitið taldist ekki skipta máli.

17. gr.

Skýrslugjöf um samkvæmni við hagskýrslur um orkumál

1. Aðildarríki skulu láta í té upplýsingarnar um niðurstöður úr eftirliti sem um getur í iii. lið j-liðar 1. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999, á textasniði, og tilgreina mismuninn á tilvísunarnálguninni sem er reiknuð á grundvelli gagnanna í bókhaldinu yfir gróðurhúsalofttegundir og tilvísunarnálguninni sem er reiknuð á grundvelli hagskýrslna um orkumál sem tilkynntar eru skv. 4. gr. og viðauka B við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 ⁽¹¹⁾.

2. Aðildarríki skulu láta í té megindlegar upplýsingar og skýringar á mismun, sem nemur meira en +/- 2%, á útreiknaðri landsbundinni heildarnotkun á jarðefnaeldsneyti á samtölustigi fyrir alla flokka jarðefnaeldsneytis fyrir árið X-2 sem um getur í 1. mgr. í samræmi við XIV. viðauka við þessa reglugerð.

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006 (Stjtuð. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 195).

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 frá 22. október 2008 um hagskýrslur um orkumál (Stjtuð. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 1).

18. gr.

Skýrslugjöf um breytingar á lýsingum á landsbókhaldskerfum eða skráum

Aðildarríki skulu tilgreina með skýrum hætti í viðkomandi köflum í skýrslunni um landsbókhaldið ef engar breytingar hafa orðið á lýsingum á landsbókhaldskerfum þeirra eða, ef við á, landsbókhaldi þeirra sem um getur í k- og l-lið 1. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999, frá síðustu framlagðri skýrslu um landsbókhaldið.

19. gr.

Skýrslugjöf um losun gróðurhúsalofttegunda sem fellur undir reglugerð (ESB) 2018/842

Aðildarríki skulu greina frá losun af mannavöldum á gróðurhúsalofttegundum sem skráðar eru í 2. hluta V. viðauka við reglugerð 2018/1999 innan gildissviðsins sem er tilgreint í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842, eins og um getur í a-lið 1. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999, ásamt uppfærslum slíkra upplýsinga sem um getur í d-lið 1. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999 í samræmi við sniðið sem sett er fram í XV. viðauka við þessa reglugerð.

20. gr.

Skýrslugjöf um samantekt upplýsinga um framkvæmdar millifærslur í samræmi við reglugerð 2018/841

Aðildarríki skulu láta í té samantekt upplýsinga um framkvæmdar millifærslur í samræmi við 12. og 13. gr. reglugerðar (ESB) 2018/841 sem um getur í f-lið 1. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999 í samræmi við sniðið sem sett er fram í XVI. viðauka við þessa reglugerð. Að lokinni samantekt framkvæmdastjórnarinnar skal samantekt upplýsinganna sem lagðar eru fram samkvæmt þessari málsgrein gerð aðgengileg á rafrænu formi innan þriggja mánaða frá viðtöku skýrslna aðildarríkjanna. Í þessari samantekt skal tilgreina verðbilið fyrir greidd verð á hverja færslu sem varðar einingu til mildunar vegna landnotkunar.

21. gr.

Skýrslugjöf um samantekt upplýsinga um framkvæmdar millifærslur í samræmi við reglugerð 2018/842

1. Aðildarríki skulu láta í té samantekt upplýsinga um framkvæmdar millifærslur í samræmi við 5. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842, eins og um getur í f-lið 1. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999, í samræmi við sniðið sem sett er fram í töflu 1 í XVII. viðauka við þessa reglugerð. Að lokinni samantekt framkvæmdastjórnarinnar skal samantekt upplýsinganna sem lagðar eru fram samkvæmt þessari málsgrein gerð aðgengileg á rafrænu formi innan þriggja mánaða frá viðtöku skýrslna aðildarríkjanna. Í þessari samantekt skal tilgreina verðbilið fyrir greidd verð á hverja færslu sem varðar árlega losunarúthlutun.

2. Aðildarríkin geta, innan tímabilanna tveggja á milli útgáfu framkvæmdargerðanna sem um getur í 38. gr. (4. mgr.) og upphafs eftirlits með því hvort farið sé að ákvæðum, sem mælt er fyrir um í 38. gr. (6. mgr.) reglugerðar (ESB) 2018/1999 skv. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842, greint framkvæmdastjórninni, 15. hvers mánaðar, frá framkvæmdum millifærslum í samræmi við 5. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842, í samræmi við sniðið sem sett er fram í töflu 2 í XVII. viðauka við þessa reglugerð. Að lokinni samantekt framkvæmdastjórnarinnar skal samantekt upplýsinganna sem berast samkvæmt þessari málsgrein gerð aðgengileg á rafrænu formi og á tímanlegan hátt.

22. gr.

Skýrslugjöf um upplýsingar um fyrirhugaða notkun sveigjanleika í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/842

1. Aðildarríki skulu láta í té upplýsingarnar um fyrirhugaða notkun sveigjanleika sem um getur í 4. og 5. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842, eins og um getur í n-lið 1. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999, í samræmi við sniðið sem sett er fram í XVIII. viðauka við þessa reglugerð.

2. Aðildarríki geta, innan tímabilanna tveggja á milli útgáfu framkvæmdargerðanna sem um getur í 38. gr. (4. mgr.) og upphafs eftirlits með því hvort farið sé að ákvæðum, sem mælt er fyrir um í 38. gr. (6. mgr.) reglugerðar (ESB) 2018/1999 skv. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842, greint framkvæmdastjórninni, 15. hvers mánaðar, frá fyrirhugaðri notkun sveigjanleikanna í 5. gr. (4. og 5. mgr.) reglugerðar (ESB) 2018/842, í samræmi við sniðið sem sett er fram í töflu 1 í XVIII. viðauka við þessa reglugerð. Að lokinni samantekt framkvæmdastjórnarinnar skulu upplýsingarnar sem bárust samkvæmt þessari málsgrein gerðar aðgengilegar á rafrænu formi og eigi síðar en við lok mánaðarins sem um getur hér á undan.

3. Upplýsingarnar sem látnar eru í té skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu ekki innihalda neinar framkvæmdar millifærslur sem skýrsla er gefin um í samræmi við 21. gr.

23. gr.

Skýrslugjöf um notkun tekna af millifærslum í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/842

Aðildarríki skulu láta í té upplýsingarnar um notkun tekna í samræmi við 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842, eins og um getur í n-lið 1. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999, í samræmi við sniðið sem sett er fram í XIX. viðauka við þessa reglugerð.

24. gr.

Skýrslugjöf um bókfærða losun og upptöku gróðurhúsalofttegunda

Aðildarríki skulu greina frá bókfærðri losun og upptöku gróðurhúsalofttegunda skv. 5. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 í samræmi við sniðið sem sett er fram í XX. viðauka.

25. gr.

Tímamörk fyrir samstarf og samræmingu við að taka saman bókhald Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir og endurskoðun skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar

1. Aðildarríki og framkvæmdastjórnin skulu starfa saman og samræma sig við samantekt á bókhaldi Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir og skýrsluna um bókhald Sambandsins í samræmi við þau tímamörk sem sett eru fram í XXI. viðauka.

2. Þegar aðildarríki leggur aftur fram bókhald sitt fyrir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar skal það aðildarríki afhenda framkvæmdastjórninni samantekt á breytingunum sem gerðar voru á endurframlagða bókhaldinu, eigi síðar en einni viku eftir endurframlagninguna.

3. Við endurskoðun skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar á bókhaldi Sambandsins skulu aðildarríki, ef framkvæmdastjórnin óskar þess og eins fljótt og auðið er, afhenda framkvæmdastjórninni svör við spurningunum sem endurskoðendur skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar leggja fram.

IV. KAFLI

KRÖFUR UM STOFNUN, STARFRÆKSLU OG HLUTVERK LANDSBÓKHALDSKERFA

26. gr.

Hlutverk landsbókhaldskerfa

Við framkvæmd landsbókhaldskerfa skv. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 skal hvert aðildarríki:

a) koma á fót og viðhalda stofnanalegu, lagalegu og málsmeðferðarlegu fyrirkomulagi, sem er nauðsynlegt til að sinna hlutverkum skv. 27. til 29. gr., milli ríkisstofnana og annarra aðila sem bera ábyrgð á að sinna öllum hlutverkunum,

- b) tryggja að fyrir hendi sé nægjanleg geta til að sinna, á tímanlegan hátt, hlutverkum skv. 27. til 29. gr., þ.m.t. gagnasöfnun til að meta losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka og fyrirkomulag fyrir tæknilega færni þess starfsfólks sem kemur að þróunarferli bókhaldsins.

27. gr.

Áætlanagerð varðandi bókhald

1. Hvert aðildarríki skal, sem hluti af áætlanagerð sinni varðandi bókhald:
 - a) tilnefna eina landsbundna stofnun sem ber heildarábyrgð á landsbókhaldinu og gera pósthfang hennar og netfang aðgengileg,
 - b) skilgreina og úthluta tilteknum ábyrgðarsviðum innan þróunarferlis bókhaldsins, þ.m.t. að því er varðar val á aðferðum, gagnasöfnun, einkum á gögnum um starfsemi og losunarstuðla frá tölfraeðipjónustum og öðrum aðilum, vinnslu og vistun gagna og gæðaeftirlit og gæðatryggingu,
 - c) útfæra gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsáætlun fyrir bókhald þar sem lýst er tilteknum gæðaeftirlitsaðferðum sem skal innleiða meðan á þróunarferill bókhaldsins stendur, greiða fyrir heildargæðaeftirlitsaðferðum sem skal framkvæma og koma á gæðamarkmiðum,
 - d) fíuga að koma á ferlum fyrir opinbera athugun og viðurkenningu á bókhaldinu, þ.m.t., ef máli skiptir, endurútreikningur, áður en það er lagt fram og bregðast við vandamálum sem upp koma í endurskoðunarferli bókhaldsins.
2. Hvert aðildarríki skal, sem hluti af áætlanagerð sinni varðandi bókhald, fíuga, þegar við á, leiðir til að auka gæði gagna um starfsemi, losunarstuðla, aðferða og annarra viðeigandi tæknilegra þátta sem varða bókhald. Taka skal, þegar við á, tillit til upplýsinga sem fengust við framkvæmd gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsáætlunarinnar, úr endurskoðun skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, 38. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 og samkvæmt rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, við þróun og/eða endurskoðun gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsáætlunarinnar og gæðamarkmiðanna.

28. gr.

Bókhaldið tekið saman

1. Samkvæmt leiðbeiningunum um bókhald yfir gróðurhúsalofttegundir skal hvert aðildarríki:
 - a) tilgreina lykilstofna og útbúa mót með viðeigandi aðferðum til að meta losun og upptöku frá lykilstofnum,
 - b) safna nægjanlegum gögnum um starfsemi, vinna upplýsingar og losunarstuðla sem eru nauðsynleg til að styðja við aðferðirnar sem eru valdar til að meta losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka,
 - c) gera meginlegt mat á óvissu í bókhaldi fyrir hvern flokk og fyrir bókhaldið í heild og útbúa endurútreikning á áður framlögðum mótum á losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka,
 - d) taka saman landsbókhaldið og taka í notkun almennar gæðaeftirlitsaðferðir fyrir bókhaldið í samræmi við gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsáætlun sína.
2. Hvert aðildarríki skal, þegar við á, sem hluti af samantekt bókhalds síns:
 - a) beita sértækum gæðaeftirlitsaðferðum fyrir hvern lykilstofna og fyrir staka stofna þar sem orðið hafa umtalsverðar breytingar á aðferðafræði og/eða umtalsverð endurskoðun á gögnum, í samræmi við leiðbeiningarnar um bókhald yfir gróðurhúsalofttegundir,
 - b) gera ráð fyrir grunnendurskoðun bókhaldsins af hendi óháðs þriðja aðila eða starfsfólks sem ekki tók þátt í þróun bókhaldsins, áður en bókhaldið er lagt fram, í samræmi við skipulögðu gæðastýringaraðferðirnar sem um getur í c-lið 1. mgr. 27. gr.,

- c) gera ráð fyrir enn ítarlegri endurskoðun á lykilmálum og flokkum þar sem umtalsverðar breytingar urðu á aðferðum,
- d) endurmeta ferlið við samantekt bókhaldsins til að uppfylla fastsettu gæðamarkmiðin sem um getur í c-lið 1. mgr. 27. gr. þessarar reglugerðar, á grunni endurskoðananna samkvæmt gagnsæisfyrirkomulaginu, -ferlinu og -leiðbeiningunum og í samræmi við 38. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 og reglubundins innra mats á ferlinu við samantekt bókhaldsins.

29. gr.

Stjórnun bókhalds

1. Hvert aðildarríki skal, sem hluti af stjórnun bókhalds síns:
 - a) vista bókhaldsupplýsingar á hverju ári fyrir þá tímaröð sem skýrslan inniheldur, þ.á m.: alla aðgreinda losunarstuðla, gögn um starfsemi og skjöl um það hvernig þau voru mynduð og aðgreind, innri skjöl um gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsaðferðir, ytri og innri endurskoðun, skjalahald varðandi árlegar lykilheimildir og tilgreiningu lykilheimilda og skipulagðar endurbætur á bókhaldi,
 - b) veita endurskoðunarteymum samkvæmt gagnsæisfyrirkomulaginu, -ferlinu og -leiðbeiningunum og 38. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 aðgang að öllum vistuðum upplýsingum sem aðildarríkið notaði til að taka saman bókhaldið, með tilliti til reglna hvers lands um trúnaðarkvöð,
 - c) bregðast á tímanlegan hátt við beiðnum um að útskýra upplýsingar í bókhaldi sem koma af mismunandi stigum endurskoðunarferla að því er varðar upplýsingarnar í bókhaldinu ásamt upplýsingum um landsbundna kerfið.
2. Hvert aðildarríki skal, eftir því sem við á og sem hluti af stjórnun bókhalds síns, gera safn hinna vistuðu upplýsinga greiðlega aðgengilegt.

V. KAFLI

MÁLSMEDFERÐ OG ÁÆTLUN UM FRAMKVÆMD ÍTARLEGU ENDURSKOÐUNARINNAR

30. gr.

Verklag við ítarlegu endurskoðunina

1. Við framkvæmd ítarlegu endurskoðunarinnar (eða endurskoðunarinnar) sem um getur í 1. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 skulu framkvæmdastjórnin og Umhverfisstofnun Evrópu njóta aðstoðar endurskoðunarhóps tæknisérfræðinga og fylgja því verklagi sem sett er fram í XXII. viðauka.
2. Umhverfisstofnun Evrópu skal annast skrifstofuvinnuna fyrir ítarlegu endurskoðuninni eins og tilgreint er í XXII. viðauka.
3. Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð Umhverfisstofnunar Evrópu, velja nægjanlegan fjölda endurskoðunarsérfræðinga til að ná til viðeigandi bókhaldsgeira. Endurskoðunarsérfræðingarnir sem eru valdir skulu búa yfir reynslu á sviði samantektar á bókhaldi yfir gróðurhúsalofttegundir og, ef mögulegt er, vera þegar starfandi við endurskoðunarferla fyrir gróðurhúsalofttegundir. Tæknisérfræðingar sem hafa unnið að því að taka saman bókhald einstaks aðildarríkis yfir gróðurhúsalofttegundir, eða eru ríkisborgarar þess aðildarríkis, skulu ekki taka þátt í endurskoðuninni á því bókhaldi.
4. Framkvæma skal ítarlegu endurskoðuninni sem yfirferð á gögnum og miðlæga endurskoðun, eins og tilgreint er í XXII. viðauka. Að auki má skipuleggja heimsóknir til landanna að fengnum tilmælum frá endurskoðunarhópi tæknisérfræðinga og í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki.
5. Athuganir skv. b-lið 2. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 skulu, eins og við á, innihalda upplýsingar sem eru tilgreindar í XXII. viðauka.

6. Athuganir sem um getur í c-lið 2. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 skulu, eins og við á, innihalda nákvæma rannsókn á samkvæmni bókfærðrar losunar og upptöku við reglur Sambandsins.
7. Ítarlegu endurskoðanirnar skulu, eftir því sem við á, innihalda athuganir til að greina hvort atriði, sem greint er í endurskoðun skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða endurskoðun Sambandsins að megi bæta hjá einu aðildarríki, geti einnig talist atriði sem má bæta hjá öðrum aðildarríkjum.
8. Framkvæma skal endurskoðun bókhalds yfir gróðurhúsalofttegundir með samræmdum hætti fyrir öll hlutaðeigandi aðildarríki og á hlutlægan hátt.

31. gr.

Tæknilegar leiðréttingar

1. Litið skal svo á að tæknileg leiðrétting á mati á losun, í skilningi d-liðar 2. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999, sé nauðsynleg ef vanmat eða ofmat fer yfir mikilvægismörkin sem sett eru í 2. mgr. þessarar greinar. Nánari tilgreiningar á tæknilegum leiðréttingum er að finna í XXII. viðauka við þessa reglugerð.
2. Mikilvægismörkin fyrir tiltekin upptök eða viðtaka nema 0,05% af heildarlosun aðildarríkis á gróðurhúsalofttegundum að undanskilinni landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt (LULUCF), á því ári bókhaldsins sem er til endurskoðunar, eða koltvísýringisígildið 500 kt, hvort heldur sem er minna.
3. Aðildarríki getur, sem svar við niðurstöðum framkvæmdastjórnarinnar sem sendar eru aðildarríkinu meðan á endurskoðuninni stendur, óskað eftir breytingu á mötum sínum á losun eða bókfærðri losun og upptöku með því að leggja fram leiðrétt mat. Ef endurskoðunarhópur tæknisérfræðinganna telur að leiðrétt mat sé viðeigandi skal taka það inn í endurskoðunarskýrsluna sem um getur í 32. gr. og því skal fylgja rökstuðningur.

32. gr.

Lokaendurskoðunarskýrslur

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki um lok ítarlegu endurskoðunarinnar og afhenda því lokaendurskoðunarskýrslu fyrir 30. ágúst 2027 annars vegar og 30. ágúst 2032 hins vegar.

33. gr.

Samstarf við aðildarríki

1. Aðildarríki skulu:
 - a) taka þátt í endurskoðuninni samkvæmt tímaáætluninni sem sett er fram í XXII. viðauka,
 - b) tilfærna landsbundinn tengilið fyrir endurskoðun Sambandsins,
 - c) taka þátt í og stuðla að skipulagningu heimsóknar til landsins ef þörf krefur,
 - d) veita svör og viðbótarupplýsingar og gera athugasemdir við endurskoðunarskýrslurnar, eftir því sem við á.
2. Óski aðildarríki þess skal framkvæmdastjórnin láta athugasemdir um niðurstöður endurskoðunarinnar fylgja lokaendurskoðunarskýrslunni sem um getur í 32. gr.
3. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa aðildarríkin um það hvernig endurskoðunarhópur tæknisérfræðinganna, sem valinn er samkvæmt 30. gr., er samsettur.

34. gr.

Tímaáætlun fyrir ítarlegu endurskoðunina

Ítarlega endurskoðunin skal fara fram samkvæmt tímaáætluninni sem sett er fram í XXII. viðauka.

VI. KAFLI

STEFNUR OG RÁÐSTAFANIR OG FRAMREIKNINGAR

35. gr.

Ferlar við framlagningu skýrslna

Aðildarríki skulu, með aðstoð Umhverfisstofnunar Evrópu í samræmi við 42. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999, nota rafræna vettvanginn sem um getur í 28. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 og tengd verkfæri og sniðmát framkvæmdastjórnarinnar til að leggja fram upplýsingar samkvæmt þessum kafla.

36. gr.

Skýrslugjöf um landsbundin kerfi fyrir stefnur og ráðstafanir og framreikninga

Aðildarríki skulu leggja fram lýsinguna á landsbundnum kerfum sínum fyrir skýrslugjöf um stefnur og ráðstafanir, eða flokka ráðstafana, og framreikninga sem um getur í a-lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999 á því sniði sem sett er fram í XXIII. viðauka við þessa reglugerð.

37. gr.

Skýrslugjöf um landsbundnar stefnur og ráðstafanir

1. Aðildarríki skulu láta í té upplýsingarnar um landsbundnar stefnur sínar og ráðstafanir, eða flokka ráðstafana, sem um getur í c-lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999, á þeim sniðum sem sett eru fram í XXIV. viðauka við þessa reglugerð.
2. Aðildarríki skulu láta eftirtaldar upplýsingar í té á textasniði:
 - a) þær uppfærslur sem varða langtímastefnuáætlanir þeirra sem um getur í b-lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999,
 - b) fyrirhugaðar viðbótarstefnur og -ráðstafanir sem um getur í d-lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999,
 - c) tengslin milli mismunandi stefna og ráðstafana og framlags þessara stefna og ráðstafana til mismunandi framreikninga um sviðsmyndir sem um getur í e-lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999.

38. gr.

Skýrslugjöf um landsbundna framreikninga

1. Aðildarríki skulu láta í té upplýsingarnar um landsbundna framreikninga sína um losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka, sem um getur í b-lið 1. mgr. 18. gr. og a-lið VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999, flokkaðar eftir lofttegund eða flokki lofttegunda.
2. Aðildarríki skulu veita viðbótarupplýsingarnar um landsbundna framreikninga sína um losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka sem um getur í VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999, á textasniði, og tilgreina:
 - a) niðurstöðurnar úr framreikningum um heildarlosun gróðurhúsalofttegunda, losun sem fellur annars vegar undir reglugerð (ESB) 2018/842 og hins vegar tilskipun 2003/87/EB, ásamt áætlaðri losun frá upptökum og upptöku í viðtaka í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/841, skv. b-lið VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999,

- b) niðurstöður næmisgreiningarinnar sem gerð var skv. d-lið VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999,
- 1) fyrir heildarlosun gróðurhúsalofttegunda, sem gefin er skýrsla um, ásamt stuttri skýringu á því hvaða mælipættir breyttust og hvernig,
 - 2) skipt í heildarlosun sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB annars vegar og reglugerð (ESB) 2018/842 hins vegar og framreiknaða losun frá upptökum og upptöku í viðtaka samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/841, þegar slíkar upplýsingar liggja fyrir,
- c) ártal fyrir gögn úr bókhaldi (grunnár) og ártal fyrir skýrslu um bókhald sem eru notuð sem upphafspunktur fyrir framreikningana,
- d) aðferðafræðina sem er notuð við framreikninga, þ.m.t. stutta lýsingu á líkönunum sem eru notuð og umfangi þeirra með tilliti til geira, landfræði og tíma, tilvísanir í frekari upplýsingar um líkönin og upplýsingar um gagnalindir, helstu útrænar forsendur og kennistærðir sem eru notaðar, í samræmi við e-lið VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999.
3. Í skýrslunum um framreikninga sem leggja skal fram skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 skulu aðildarríki taka tillit til þeirra samræmdu gilda fyrir lykilmælipætti framreikninga sem framkvæmdastjórnin hefur mælt til um, í samráði við aðildarríkin, 12 mánuðum áður en frestur til að leggja fram skýrslurnar rennur út, a.m.k. fyrir innflutningsverð á olíu, gasi og kolum og einnig fyrir kolefnisverð innan evrópska viðskiptakerfisins fyrir losunarheimildir samkvæmt tilskipun 2003/87/EB.

VII. KAFLI

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

39. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 749/2014 er felld úr gildi frá og með 1. janúar 2021, með fyrirvara um umbreytingarákvæðin sem mælt er fyrir um í 40. gr. þessarar reglugerðar.

40. gr.

Umbreytingarákvæði

Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. þessarar reglugerðar skulu ákvæði 3. til 18. gr. og 27. til 43. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 749/2014 áfram gilda um skýrslurnar sem innihalda þau gögn sem krafist er fyrir árin 2019 og 2020.

41. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. ágúst 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Upplýsingar um landsbundnar aðlögunaraðgerðir skv. 4. gr.

1. *Landsbundnar aðstæður, áhrif, veikleikar, áhættur og aðlögunargeta* ⁽¹⁾
 - 1.1. Landsbundnar aðstæður sem varða aðlögunaraðgerðir:
 - a) líf- og jarðeðlisfræðilegir eiginleikar,
 - b) lýðfræði,
 - c) efnahagsmál og innviðir.
 - 1.2. Rammi fyrir vöktun á loftslagi og líkanasmíði:
 - a) meginstarfsemi við vöktun á loftslagi, líkanasmíði, framreikninga og sviðsmyndir,
 - b) meginnálganir, -aðferðafræði og -verkfæri og tengd óvissa og áskoranir.
 - 1.3. Mat á loftslagsáhrifum, veikleikum og áhættum, þ.m.t. aðlögunargetu:
 - a) yfirlit yfir loftslagshættur sem vart hefur orðið við meðal þeirra sem skráðar eru í töflu 1 ⁽²⁾ og fyrirliggjandi álag ⁽³⁾,
 - b) sanngreining á helstu loftslagshættum framtíðarinnar á meðal þeirra sem eru skráðar í töflu 1 og helstu geirum sem verða fyrir áhrifum ⁽⁴⁾.

Tafla 1 - Flokkun loftslagstengdra hættu ⁽⁵⁾

	Tengdar hitastigi	Tengdar vindi	Tengdar vatni	Tengdar föstum efnismassa
Langvinnar	Hitastigsbreytingar (loft, ferskvatn, sjór)	Breytingar á vinda-mynstrum	Breytingar á úrkomum-mynstrum og -tegundum (rigning, haglé, snjór/ís)	Strandrof
			Úrkoma og/eða vatna-fræðilegur breytileiki	Hnignun lands (þ.m.t. eyðimerkurmyndun)
	Breytileiki á hitastigi		Súrnun sjávar	Jarðvegsrof
	Þiðnun sífrera		Saltvatnsinnstreymi	Jarðskrið
			Hækkun sjávarborðs	
			Breytingar á hafisþekju	
			Vatnsskortur	

(1) „Aðlögunargeta“ er skilgreind svo í fimmtu matsskýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC AR5): „*Geta kerfa, stofnana, mannfólks og annarra lífvera til að laga sig að hugsanlegum skaða, nýta sér tækifæri eða bregðast við afleiðingum.*“

(2) Skráin er ekki tæmandi.

(3) Aðildarríki skulu gefa skýrslur um fyrirliggjandi umhverfislegt, efnahagslegt og félagsleg álag sem líklegt er að loftslagsbreytingar hafi umtalsverð áhrif á: t.d. tap líffræðilegrar fjölbreytni, lélega uppskeru, orkufátækt, atvinnuleysi, fólksflutninga.

(4) Aðildarríki skulu velja helstu geira á meðal eftirfarandi: Landbúnaður og matvæli, líffræðileg fjölbreytni (þ.m.t. vistkerfislegar nálganir), byggingar, strandsvæði, almannavarnir og stjórnun neyðarástands, orka, fjármál og tryggingar, skógrækt, heilbrigði, hafid og fiskveiðar, flutningar, borgir, vatnssjórnun, upplýsinga- og fjarskiptatækni, skipulagning landnotkunar, viðskipti, iðnaður, ferðaþjónusta, dreifbýlisþróun, annað [tilgreinið].

(5) Ef við á skulu aðildarríki einnig taka tillit til afleiddra áhrifa þessara hættu, s.s. skógarelda, útbreiðslu ágengra tegunda og hitabeltissjúkdóma, keðjuverkana og margra hættu sem koma upp á sama tíma.

	Tengdar hitastigi	Tengdar vindi	Tengdar vatni	Tengdar föstum efnismassa
Bráðar	Hitabylgja	Fellibylur	Þurrkur	Snjóflóð
	Kuldabylgja/frost	Stormur (þ.m.t. hríðarbyljir, ryk- og sandstormar)	Mikil úrkoma (rigning, hagléi, snjór/ís)	Jarðvegshlaup
	Gróðureldur	Skýstrókur	Flóð (við strendur, í ám, rigningaflóð, grunnvatn, flóðbylgja)	Landsig
			Snjó- og ísbyrði	
			Jökulhlaup	

- c) Fyrir hvern hinna helstu geira sem verða fyrir áhrifum, yfirlit yfir eftirfarandi, flokkað eftir eiginlegum mælikvörðum í mikla/meðal/litla/á ekki við, með skýringum eftir því sem við á ⁽⁶⁾:
- áhrif af helstu hættum sem vart hefur orðið við, þ.m.t. breytingar á tíðni og umfangi þeirra,
 - líkurnar á að helstu hættur komi upp og berskjöldun fyrir þeim við loftslag framtíðarinnar, með beitingu bestu fyrirbyggjandi vísinda í líkanagerð um loftslag,
 - veikleika, þ.m.t. aðlögunargetu,
 - áhættuna á hugsanlegum áhrifum í framtíðinni.

2. Laga- og stefnurammar og stofnanafyrirkomulag

2.1. Laga- og stefnurammar og reglugerðir, þ.m.t. landsbundnar aðlögunarstefnuáætlanir (e. *National Adaptation Strategies* (NAS)), landsbundnar aðlögunaráætlanir (e. *National Adaptation Plans* (NAP)) ⁽⁷⁾ og áætlanir um aðlögun innan tiltekinna geira.

2.2. Yfirlit yfir stofnanafyrirkomulag og stjórnun á landsvettvangi fyrir:

- möt á loftslagstengdum veikleikum og áhættum,
- áætlanagerð, framkvæmd, vöktun, úttekt og endurskoðun á aðlögunarstefnu ⁽⁸⁾,
- sambættingu áhrifa loftslagsbreytinga og álagspóls í málsmeðferð við umhverfismat,
- söfnun, eignarhald og endurnotkun viðeigandi gagna (s.s. gagna um tjón vegna hamfara sem tengjast loftslagi eða áhættugagna) og aðgang að þeim,
- sambættingu áhrifa loftslagsbreytinga og aðlögunaráætlanagerð í ramma fyrir hamfaraáhættustjórnun og öfugt ⁽⁹⁾.

2.3. Yfirlit yfir stofnanafyrirkomulag og stjórnun á svæðisbundnum ⁽¹⁰⁾ vettvangi:

- lagaskilyrði og stefnuáætlanskjöl,
- net eða annað samstarf landsbundinna yfirvalda um aðlögun,
- dæmi um góðar starfsvenjur neta eða annars samstarfs stað- og svæðisbundinna yfirvalda um aðlögun.

⁽⁶⁾ Við greininguna sem yfirlit er gefið yfir í i. til iv. lið skal beita bestu fyrirbyggjandi vísindum við greiningu milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar á veikleikum og áhættum ásamt nýjustu leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar um loftslagsvernd í verkefnum sem eru fjármöggnuð af Sambandinu.

⁽⁷⁾ Aðildarríki skulu greina frá titli, samþykkisári og stöðu [önnur komin í staðinn/samþykkt/frágingin og lögð fram til samþykkis/í þróun] fyrir hverja landsbundna aðlögunarstefnu og landsbundna aðlögunaráætlanagerð.

⁽⁸⁾ Þættir sem ber að taka tillit til eru m.a. ákvarðanatata, áætlanagerð og samræming í tengslum við aðlögunarstefnuáætlanir, stefnur, áætlanir og markmið, meðhöndlun þverlægra vandamála, aðlögun forgangsatrida og starfsemi sem varða aðlögun, framkvæmd aðlögunaraðgerða, þ.m.t. að greiða fyrir aðgerðum til að afstýra, lágmarka og takast á við skaðleg áhrif loftslagsbreytinga.

⁽⁹⁾ Þ.m.t. 1. mgr. 6. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1313/2013/ESB frá 17. desember 2013 um almannavarnakerfi Sambandsins (Stjúd. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 924).

⁽¹⁰⁾ Í þessum viðauka vísar „svæðisbundinn“ bæði til staða og svæða innan landa.

3. Aðlögunarstefnuáætlanir, stefnur, áætlanir og markmið

3.1. Forgangsaðferðir í aðlögun

3.2. Áskoranir, eyður og hindranir gagnvart aðlögun ⁽¹¹⁾

3.3. Samantektir á landsbundnum stefnuáætlunum, stefnum, áætlunum og framtaki, með áherslu á markmið, aðgerðir sem séð er fram á ⁽¹²⁾, fjárlög og tímamörk ⁽¹³⁾

3.4. Yfirlit yfir innihald svæðisbundinna stefnuáætlana, stefna, áætlana og viðleitni.

3.5. Yfirlit yfir viðleitni til að samþætta aðlögun að loftslagsbreytingum inn í stefnur, áætlanir og verkefni innan geira, þ.m.t. stefnuáætlanir um hamfaraáhættustjórnun og viðbragðsáætlanir.

3.6. Þátttaka hagsmunaaðila

Yfirlit yfir ráðstafanir í aðlögunarstefnu á landsvísu og dæmi um svæðisbundnar góðar starfsvenjur til að fá eftirfarandi aðila til að taka þátt:

a) hagsmunaaðila sem eru einkar viðkvæmir fyrir áhrifum loftslagsbreytinga,

b) einkageirann ⁽¹⁴⁾.

4. Vöktun og mat á aðlögunaraðgerðum og -ferlum

4.1. Aðferðafræði ⁽¹⁵⁾ við vöktun og mat sem tengist:

a) því að draga úr loftslagsáhrifum, veikleikum og áhættum og að auka aðlögunargetu,

b) framkvæmd aðlögunaraðgerða.

4.2. Staða mála varðandi framkvæmd ráðstafana sem gerðar voru áætlanir um samkvæmt liðum 3.3. til 3.6, þ.m.t. yfirlit yfir svæðisbundna stöðu mála og greiðslur fjármagns til að auka viðnám gegn loftslagsbreytingum. Skýrslugjöf um fjármögnun skal ná til:

a) fjárnotkunar sem er eyrnamerkt til aðlögunar að loftslagsbreytingum, þ.m.t. hamfaraáhættustjórnunar,

b) þess hlutfalls fjárnotkunar sem var notað til að styðja við aðlögun að loftslagsbreytingum ⁽¹⁶⁾ í hverjum geira ⁽¹⁷⁾, að því marki sem mögulegt er.

4.3. Mat á framþróun í áttina að eftirfarandi ⁽¹⁸⁾:

a) að draga úr loftslagsáhrifum, veikleikum og áhættum,

b) að auka aðlögunargetu,

c) að uppfylla forgangsaðferðir varðandi aðlögun,

d) að takast á við hindranir gagnvart aðlögun.

⁽¹¹⁾ Þar með taldar þær stofnanalegu hindranir, stjórnunartengdu hindranir og aðrar hindranir sem takmarka aðlögunargetuna sem bent er á í veikleikamatinu.

⁽¹²⁾ Þar með taldar lausnir og aðgerðir sem byggjast á náttúrunni og leiða til mildandi viðbótarávinninga og annarra viðeigandi viðbótarávinninga

⁽¹³⁾ Samantektirnar skulu einnig ná til viðleitni til að byggja upp álagsspól og afstýra, lágmarka og takast á við skaðleg áhrif loftslagsbreytinga og skulu innihalda skýringu á því hvernig tillit hefur verið tekið til kynjasjónarmiða.

⁽¹⁴⁾ Aðildarríki skulu veita yfirlit yfir fyrirliggjandi upplýsingar um áætlanir, forgangsröðun, aðgerðir og verkefni í einkageiranum, samstarf hins opinbera og einkageirans og önnur aðlögunarfrumkvæði og/eða verkefni í einkageiranum sem málið varða.

⁽¹⁵⁾ Aðildarríki skulu greina frá nálgunum, kerfum sem eru notuð, gagnsæi og vísunum.

⁽¹⁶⁾ Sú viðbótarfjárfesting sem veitir verkefni (sem hefði hvort sem er verið framkvæmt) viðnám gegn loftslagsbreytingum.

⁽¹⁷⁾ Aðildarríki skulu gefa skýrslur um fjárfestingu í aðlögunaraðgerðum í eftirfarandi geirum: Landbúnaður og matvæli, líffræðileg fjölbreytni (þ.m.t. vistkerfislegar nálganir), byggingar, strandsvæði, almannavarnir og stjórnun neyðarástands, orka, fjármál og tryggingar, skógrækt, heilbrigði, hafið og fiskveiðar, flutningar, borgir, vatnsstjórnun, upplýsinga- og fjarskiptatækni, skipulagning landnotkunar, viðskipti, iðnaður, ferðaþjónusta, dreifbýlisþróun, annað [tilgreinið].

⁽¹⁸⁾ Byggt á aðferðafræðinni við vöktun og mat eins og tilgreint er samkvæmt lið 4.1.

- 4.4. Ráðstafanir til að endurskoða og uppfæra eftirfarandi:
- a) veikleika- og áhættumót,
 - b) landsbundnar aðlögunarstefnur, stefnuáætlanir, áætlanir og ráðstafanir.
- 4.5. Yfirlit yfir góðar starfsvenjur að því er varðar þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að endurskoða og uppfæra svæðisbundnar aðlögunaráætlanir, stefnur, stefnuáætlanir og ráðstafanir.
5. *Samstarf, góðar starfsvenjur, samlegðaráhrif, reynsla og lærdómur á sviði aðlögunar*
- 5.1. Góðar starfsvenjur og lærdómur, þ.m.t. svæðisbundið ⁽¹⁹⁾
- 5.2. Samlegðaráhrif aðlögunaraðgerða og annarra alþjóðlegra ramma og/eða samninga, einkum heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun og Sendai-rammaáætlunarinnar um forvarnir gegn náttúruvá
- 5.3. Samstarf við aðildarríki Sambandsins, alþjóðlegt samstarf og samstarf við svæðisbundnar og alþjóðlegar stofnanir ⁽²⁰⁾:
- a) samstarf um að deila upplýsingum og styrkja þekkingu á sviði vísinda, stofnana og aðlögunar,
 - b) samstarf til að ýta undir aðlögunaraðgerðir á svæðisbundnum og landsbundnum vettvangi, á sviði yfirsæða og á alþjóðavísu, þ.m.t. svið, umfang og tegundir samstarfs.
6. *Allar aðrar upplýsingar sem tengjast áhrifum loftslagsbreytinga og aðlögun að þeim*
- 6.1. Lykilsamskiptaupplýsingar landsbundna samræmingaraðilans og stofnunarinnar
- 6.2. Viðeigandi vefsetur og samskiptamiðlar sem eru notuð til samskipta sem varða landsbundnar og svæðisbundnar aðlögunaraðgerðir, eins og við á
- 6.3. Lykilskýrslur og útgefið efni á lands- og svæðisbundnum vettvangi
- 6.4. Allar aðrar viðeigandi upplýsingar.

⁽¹⁹⁾ Aðildarríki geta gefið skýrslur um góðar starfsvenjur og lærdóm á eftirfarandi sviðum, ef það skiptir máli: Starfsemi og aðferðafræði við líkanagerð tengda loftslagsmálum; mat á loftslagsáhrifum, veikleikum og áhættu gagnvart loftslagsbreytingum, þ.m.t. aðlögunargeta; stofnanafyrirkomulag og stjórnun á landsvísu; breytingar á stefnum og reglum; fyrirkomulag við samræmingu; forgangsatríði sem varða aðlögun; hindranir gagnvart aðlögun; takmörk, markmið, skuldbindingar, viðleitni, stefnuáætlanir, stefnur og áætlanir í tengslum við aðlögun; viðleitni til að samþætta aðlögun að loftslagsbreytingum inn í þróun og stefnur, áætlanir og verkefni innan geira; samþætting kynjasjónarmiða og aðlögunar að loftslagsbreytingum; samþætting þekkingar frumbyggja, hefðbundinnar þekkingar og staðbundinnar þekkingar og aðlögunar að loftslagsbreytingum; þátttaka hagsmunaaðila; fræðsla um loftslagsáhættur; vöktun og mat; styrking vísindarannsóknna og -þekkingar; að draga úr og stjórna áhættu vegna hamfara, nýsköpun í aðlögunarlausnum og nýsköpun í fjármögnunarfyrirkomulagi.

⁽²⁰⁾ Upplýsingar um stuðning við þróunarlönd sem um getur í 2. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999 eru þar undanskildar.

II. VIÐAUKI

Upplýsingar um notkun uppboðstekna skv. 5. gr.

Tafla 1a: Tekjur af uppboðum á losunarheimildum á árinu X-1

1		Fjárhæð fyrir árið X-1		
2		1 000 evrur	1 000 í innlendum gjaldmiðli, ef við á ⁽¹⁾	Athugasemdir (t.d. skýringar á eyðum ásamt viðeigandi landsbundnum aðstæðum og breytingum frá síðustu skýrslugjöf)
3	A	B	C	D
4	Heildarfjárhæð tekna sem fengust við uppboð á losunarheimildum (summan af línunum 5 og 6)	Summa B5+B6	Summa C5+C6	
5	Þar af fjárhæð tekna af uppboðum á losunarheimildum skv. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB			
6	Þar af fjárhæð tekna af uppboðum á losunarheimildum skv. 1. eða 2. mgr. 3. gr. d í tilskipun 2003/87/EB			

Athugasemdir:

⁽¹⁾ Árlegt meðalgengi fyrir árið X-1 eða raunverulegt gengi, sem er notað á fjárhæðina sem er greidd, skal notað til gjaldmiðilsumreiknings.

Tafla 1b: Notkun tekna af uppboðum á losunarheimildum á árinu X-1

1	Heildarfjárhæð sem er greidd á árinu X-1		Þar af fjárhæð sem er greidd á árinu X-1 og skráð sem skuldbundin á árum á undan árinu X-1		Heildarfjárhæð sem er skuldbundin en ekki greidd á árinu X-1		Jafngildi metið til fjár sem er notað á árinu X-1 ⁽²⁾		Athugasemdir (t.d. skýringar á eyðum ásamt viðeigandi landsbundnum aðstæðum og breytingum frá síðustu skýrslugjöf)	
	1 000 evrur	1 000 í innlendum gjaldmiðli, ef við á ⁽¹⁾	1 000 evrur	1 000 í innlendum gjaldmiðli, ef við á ⁽¹⁾	1 000 evrur	1 000 í innlendum gjaldmiðli, ef við á ⁽¹⁾	1 000 evrur	1 000 í innlendum gjaldmiðli, ef við á ⁽¹⁾		
3	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J
4	Heildarfjárhæð tekna af uppboðum á losunarheimildum eða jafngildi metið til fjár sem er notað í þeim tilgangi sem er tilgreindur í 3. mgr. 10. gr. og 4. mgr. 3. gr. d í tilskipun 2003/87/EB									
5	Þar af fjárhæð tekna af uppboðum á losunarheimildum sem er notuð í þeim tilgangi sem er tilgreindur í 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB (ef gögn eru tiltæk til sérstakrar skýrslugjafar)									
6	Þar af fjárhæð tekna af uppboðum á losunarheimildum sem er notuð í þeim tilgangi sem er tilgreindur í 4. mgr. 3. gr. d í tilskipun 2003/87/EB (ef gögn eru tiltæk til sérstakrar skýrslugjafar)									

Táknum: x = skýrslugjafar

Athugasemdir:

⁽¹⁾ Árlegt meðalgengi fyrir árið X-1 eða raunverulegt gengi, sem er notað á fjárhæðina sem er greidd, skal notað til gjaldmiðilsreiknings.⁽²⁾ Með því að greina frá „jafngildi metið til fjár“ tilkynna aðildarríkin um verðgildi sem eru dæmigerð fyrir fjárnotkun þeirra í samræmi við 3. gr. d og 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB og gefa til kynna að öll verðgildi sem tilkynnt eru í töflu 2 til 6 standi einnig fyrir jafngildi metið til fjár.

Tafla 2: Notkun tekna af uppboðum á losunarheimildum í innlendum tilgangi og tilgangi Sambandsins skv. 3. gr. d og 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB

1	Í hvaða tilgangi tekjurnar voru notaðar	Stutt lýsing	Fjárhæð fyrir árið X-1		Staða ⁽²⁾	Tekjur samkvæmt [<i>hakið við viðeigandi dálk</i>]		Tegund notkunar ⁽³⁾	Fjármögnunarleið ⁽⁴⁾	Framkvæmdarst ofnun	Athugasemdir
2	t.d. heiti áætlunar, starfsemi, aðgerðar eða verkefni	P.m.t. tilvísun í heimild á Netinu með nákvæmari lýsingu, ef hún liggur fyrir	1 000 evrur	1 000 í innlendum gjaldmiðli ⁽¹⁾	Skuldbundin (en ekki greidd)/greidd	3. gr. d í tilskipun 2003/87/EB	10. gr. tilskipunar 2003/87/EB	Veljið tegund notkunar eins og greint er frá í tilskipun 2003/87/EB	Veljið á milli: skattaleg stefna, fjárstuðningsstefna, innlend stefna í reglusetningu sem leiðir til fjárstuðnings, annað	(t.d. fagráðuneyti)	t.d. útskýringar á eyðum, eigindlegar upplýsingar um tiltekna notkun ef meginlegar upplýsingar eru ekki fyrir hendi
3	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K
4											
5											
(Bætið við línun eftir þörfum)											
6	Heildarfjárhæð tekna eða jafngildi metið til fjár sem er notað		Summa í dálki C	Summa í dálki D							

Táknun: x = skýrslugjafarar

Athugasemdir:

- (¹) Árlegt meðalgengi fyrir árið X-1 eða raunverulegt gengi, sem er notað á fjárhæðina sem er greidd, skal notað til gjaldmiðilsútreiknings.
- (²) Aðildarríkin skulu láta fylgja, sem hluta af skýrslu sinni, þær skilgreiningar sem eru notaðar fyrir „skuldbinding“ og „greiðsla“. Ef skuldbinding hefur verið gerð fyrir hluta af tilgreindri fjárhæð og annar hluti hennar verið greiddur í tengslum við sérstaka áætlun/verkefni skal nota tvær aðskildar línur. Ef aðildarríki geta ekki aðgreint fjárhæðir sem skuldbinding er gerð fyrir og fjárhæðir sem eru greiddar skal velja mest viðeigandi flokkinn fyrir tilgreindar fjárhæðir. Nota skal samræmdar skilgreiningar í öllum töflunum.

Almennt eru „skuldbundnar“ uppboðstekjur þær sem hafa verið lagalega skuldbundnar til notkunar í tengslum við loftslag og orku en í sumum tilvikum kann að vera að þær hafi enn ekki verið nýttar þegar skýrslan er gefin. „Greiddar“ uppboðstekjur eru þær sem hafa verið nýttar þegar skýrslan er gefin. Í sumum tilvikum getur „skuldbinding“ hins vegar vísað til tekna sem einungis hafa verið gerðar bráðabirgðaáætlanir um notkun á og „greiðsla“ vísað til tekna sem hafa verið færðar til tiltekinnar ríkisstofnunar í sérstökum tilgangi eða til svæðisbundins stjórnvalds.

- (³) Notkunarflokkar sem getið er í 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB sem hér segir:

- fjármögnun rannsókna og þróunar og sýniverkefna til að draga úr losun og til aðlögunar,
- fjármögnun framtaksverkefna innan ramma stefnumiðaðrar orkutækniáætlunar fyrir Evrópu og evrópskra tækniverkvangi,
- þróun endurnýjanlegrar orku til að uppfylla skuldbindingu Sambandsins,

- þróun annarrar tækni sem stuðlar að umskiptum yfir í öruggt og sjálfbært lágkolefnishagkerfi,
- þróun tækni sem hjálpar til við að uppfylla skuldbindingu Sambandsins um að auka orkunýtni,
- binding kolefnis í skógum í Sambandinu,
- umhverfisvæn föngun og geymsla koltvísýrings í jörðu,
- hvatning til að skipta yfir í almenningssamgöngur og samgöngur sem valda líttilli losun,
- fjármögnun rannsókna og þróunar í orkunýtni og hreinni tækni,
- ráðstafanir sem ætlað er að auka orkunýtni og einangrun eða veita fjárstuðning til að fást við félagslega þætti hjá heimilum sem eru með tekjur sem eru lágar eða í meðallagi,
- greiðsla stjórnarkostnaðar vegna rekstrar á viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir,
- efling nýrrar færni og endurskipulagning vinnuafis til að hjálpa til við réttláta umbreytingu yfir í lágkolefnishagkerfi,
- annar samdráttur á losun gróðurhúsalofttegunda,
- aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga,
- önnur notkun innanlands.

Flokkar sem um getur í 4. mgr. 3. gr. d í tilskipun 2003/87/EB en sem er ekki sérstaklega getið í 3. mgr. 10. gr. eins og hér segir:

- fjármögnun sameiginlegra verkefna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í fluggeiranum,
- ráðstafanir til að komast hjá skógeyðingu.

Aðildarríkin skulu forðast tvítalningu fjárhæða í þessari töflu. Ef tiltekin notkun passar við nokkrar tegundir notkunar er unnt að velja nokkrar tegundir en þó á ekki að margfalda tilgreinda fjárhæð en viðbótarraðir fyrir tegundir notkunar skulu tengdar við einn innfærslureit fyrir þessa fjárhæð.

(4) Unnt er að velja nokkra flokka ef nokkrar fjármögnunarleiðir eiga við fyrir áætlun eða verkefni sem gefin er skýrsla um.

Tafla 3: Notkun tekna af uppboðum á losunarheimildum í alþjóðlegum tilgangi

1			Fjárhæð sem skuldbinding er gerð fyrir á árinu X-1 ⁽²⁾		Fjárhæð sem er greidd á árinu X-1 ⁽²⁾		Athugasemdir
			1 000 evrur	1 000 í innlendum gjaldmiðli, ef við á ⁽¹⁾	1 000 evrur	1 000 í innlendum gjaldmiðli, ef við á ⁽¹⁾	
2	Notkun tekna af uppboðum á losunarheimildum eða jafngildi þeirra metið til fjár í alþjóðlegum tilgangi ⁽³⁾		1 000 evrur	1 000 í innlendum gjaldmiðli, ef við á ⁽¹⁾	1 000 evrur	1 000 í innlendum gjaldmiðli, ef við á ⁽¹⁾	t.d. útskýringar á eyðum, eigindlegar upplýsingar um tiltekna notkun ef meginlegar upplýsingar eru ekki fyrir hendi og allar aðrar meðfylgjandi upplýsingar ⁽³⁾
3	A	B	C	D	E	F	G
4	Heildarfjárhæð sem er notuð, eins og tilgreint er í 3. mgr. 10. gr. og 4. mgr. 3. gr. d í tilskipun 2003/87/EB, til að styðja þriðju lönd, önnur en þróunarlönd	<input type="checkbox"/>					
5	Heildarfjárhæð sem er notuð, eins og tilgreint er í 3. mgr. 10. gr. og 4. mgr. 3. gr. d í tilskipun 2003/87/EB, til að styðja þróunarlönd	<input type="checkbox"/>					

Táknun: x = skýrslugjafarar

Athugasemdir:

- (1) Árlegt meðalgengi fyrir árið X-1 eða raunverulegt gengi, sem er notað á fjárhæðina sem er greidd, skal notað til gjaldmiðilsureiknings.
- (2) Aðildarríkin skulu láta fylgja, sem hluta af skýrslu sinni, þær skilgreiningar sem eru notaðar fyrir „skuldbinding“ og „greiðsla“. Ef skuldbinding hefur verið gerð fyrir hluta af tilgreindri fjárhæð og annar hluti hennar verið greiddur í tengslum við sérstaka áætlun/verkefni skal nota tvær aðskildar línur. Ef aðildarríki geta ekki aðgreint fjárhæðir sem skuldbinding er gerð fyrir og fjárhæðir sem eru greiddar skal velja viðeigandi flokk fyrir tilgreindar fjárhæðir. Nota skal samræmdar skilgreiningar í öllum töflunum.
- (3) Aðildarríkin skulu forðast tvítalningu fjárhæða í þessari töflu. Ef tiltekin notkun passar inn í nokkrar línur á að velja þá sem á best við og ekki skal færa viðkomandi fjárhæð inn nema einu sinni. Meðfylgjandi textaupplýsingar gætu skýrt slíkar úthlutunarákvarðanir enn frekar, ef nauðsyn krefur.

Tafla 4: Notkun tekna af uppboðum á losunarheimildum til að styðja þróunarlönd með marghliða fyrirkomulagi skv. 3. gr. d og 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB (1) (2)

1	Fjárhæð fyrir árið X-1			Staða (4)	Tegund stuðnings (5)	Fjármögnunarleið (6)	Geiri (7)	Athugasemdir	
2	1 000 evrur	1 000 í innlendum gjaldmiðli (3)		Veljið á milli: skuldbundin/g reidd	Veljið á milli: mildun, aðlögun, þverlægt, annað, upplýsingar ekki tiltækar	Veljið á milli: fjárstyrkur, lán með ívilnunum, lán án ívilnana, eigið fé, annað, upplýsingar ekki tiltækar	Veljið á milli: orka, flutningastarfsemi, iðnaður, landbúnaður, skógrækt, vatn og hreinlæti, þverlægt, annað, upplýsingar ekki tiltækar	t.d. útskýringar á eyðum, eiginlegar upplýsingar um tiltekna notkun ef meginlegar upplýsingar eru ekki fyrir hendi og allar aðrar meðfylgjandi upplýsingar	
3	A	B	C	D	E	F	G	H	I
4	Heildarfjárhæð til að styðja þróunarlönd með marghliða fyrirkomulagi		Summa í dálki B	Summa í dálki C	<input type="checkbox"/>				
5	<i>Þar af notuð, ef við á, gegnum marghliða sjóði</i>				<input type="checkbox"/>				
6	Alþjóðlegi sjóðurinn fyrir orkunýtni og endurnýjanlega orku (GEEREF) (a-liður 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB)				<input type="checkbox"/>				
7	Aðlögunarsjóður samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (a-liður 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB)				<input type="checkbox"/>				
8	Sérstakur loftslagsbreytingasjóður (SCCF) samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar				<input type="checkbox"/>				
9	Grænn loftslagssjóður samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar				<input type="checkbox"/>				
10	Sjóður fyrir lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun				<input type="checkbox"/>				
11	Vörslusjóður rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar fyrir viðbótarstarfsemi				<input type="checkbox"/>				
12	Fyrir marghliða stuðning við starfsemi REDD+				<input type="checkbox"/>				
13	Annað marghliða loftslagstengt fjármagn (tilgreinið)				<input type="checkbox"/>				

3	A	B	C	D	E	F	G	H	I
14	<i>Þar af notað, ef við á, gegnum marghliða fjármálastofnanir</i>			<input type="checkbox"/>					
15	Hnattræni umhverfisbótasjóðurinn			<input type="checkbox"/>					
16	Alþjóðabankinn ⁽⁸⁾			<input type="checkbox"/>					
17	Alþjóðalánastofnunin ⁽⁸⁾			<input type="checkbox"/>					
18	Þróunarbanki Afríku ⁽⁸⁾			<input type="checkbox"/>					
19	Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu ⁽⁸⁾			<input type="checkbox"/>					
20	Þróunarbanki Ameríkúríkja ⁽⁸⁾			<input type="checkbox"/>					
21	<i>Aðrar marghliða fjármálastofnanir eða stuðningsáætlanir, tilgreinið ⁽⁸⁾</i>			<input type="checkbox"/>					

Táknun: x = skýrslugjafarar

Athugasemdir:

- (1) Aðildarríkin skulu forðast tvítalningu fjárhæða í þessari töflu. Ef tiltekin notkun passar inn í nokkrar línur á að velja þá sem á best við og ekki skal færa viðkomandi fjárhæð inn nema einu sinni. Meðfylgjandi textaupplýsingar gætu skýrt slíkar úthlutunarákvarðanir enn frekar, ef nauðsyn krefur
- (2) Nota má táknlykilinn „upplýsingar ekki tiltækar“ ef alls engar upplýsingar eru tiltækar fyrir viðkomandi dálka.
- (3) Árlegt meðalgengi fyrir árið X-1 eða raunverulegt gengi, sem er notað á fjárhæðina sem er greidd, skal notað til gjaldmiðilsumreiknings.
- (4) Gefa skal upplýsingar um stöðuna á aðgreiningarstigi ef unnt er. Aðildarríkin skulu láta fylgja, sem hluta af skýrslu sinni, þær skilgreiningar sem eru notaðar fyrir hugtökin „skuldbinding“ og „greiðsla“. Ef aðildarríki geta ekki aðgreint fjárhæðir sem skuldbinding er gerð fyrir og fjárhæðir sem eru greiddar skal velja viðeigandi flokk fyrir tilgreindar fjárhæðir.
- (5) Ef slíkar upplýsingar eru tiltækar fyrir marghliða sjóð eða banka skal gera grein fyrir þeim. Einungis ætti að velja „upplýsingar ekki tiltækar“ ef alls engar upplýsingar eru tiltækar fyrir viðkomandi línu.
- (6) Velja skal viðeigandi fjármögnunarleið. Velja skal nokkra flokka ef nokkrar fjármögnunarleiðir eiga við fyrir viðkomandi línu. Styrkir eru aðallega veittir til marghliða stofnana og aðrir flokkar eiga e.t.v. ekki oft við. Fleiri flokkar eru þó notaðir til að ná samkvæmni við skýrslugjafarkröfur fyrir tveggja ára skýrslur samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Einungis ætti að velja „upplýsingar ekki tiltækar“ ef alls engar upplýsingar eru tiltækar fyrir viðkomandi línu.
- (7) Unnt er að velja nokkra viðeigandi geira. Aðildarríkin mega greina frá dreifingu milli geira ef slíkar upplýsingar eru tiltækar. Einungis ætti að velja „upplýsingar ekki tiltækar“ ef alls engar upplýsingar eru tiltækar fyrir viðkomandi línu.
- (8) Einungis skal færa inn í þessa töflu veittan fjárstuðning sem er loftslagssértækur eins og er t.d. tilgreint með CDC-DAC-vísun.

Tafla 5: Notkun tekna af uppboðum á losunarheimildum skv. 3. gr. d og 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB fyrir tvíhliða eða svæðisbundinn stuðning við þróunarlönd ⁽¹⁾ ⁽²⁾

1	Heiti áætlunar, starfsemi, aðgerðar eða verkefnis	Viðtökuland/-svæði	Fjárhæð fyrir árið X-1		Staða ⁽⁴⁾	Tegund stuðnings ⁽⁵⁾	Geiri ⁽⁶⁾	Fjármögnunarleið ⁽⁷⁾	Frankvæmda rstofnun	Athugasemdir	
2			1 000 evrur	1 000 í innlendum gjaldmiðli ⁽³⁾	Veljið á milli: Skuldbundin/greidd	Veljið á milli: Mildun, aðlögun, REDD+, þverlægt, annað, upplýsingar ekki tiltækar	Veljið á milli: orka, flutningastarfsemi, iðnaður, landbúnaður, skógrækt, vatn og hreinlæti, þverlægt, annað, upplýsingar ekki tiltækar	Veljið á milli: fjárstyrkur, lán með ívilnunum, lán án ívilnana, eigið fé, beinar fjárfestingar í verkefni, fjárfestingarsjóðir, stuðningur við skattastefnu, fjárstuðningsstefnur, annað, upplýsingar ekki tiltækar	t.d. ráðuneyti	t.d. útskýringar á eyðum, eigindlegar upplýsingar um tiltekna notkun ef meginlegar upplýsingar eru ekki fyrir hendi og allar aðrar meðfylgjandi upplýsingar	
3	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K
4					<input type="checkbox"/>	Veljið atriði.	Veljið atriði.	Veljið atriði.	Veljið atriði.		
(Bætið við línunum eftir þörfum)											
5	Heildarfjárhæðir til stuðnings við þróunarlönd eftir tvíhliða leiðum eða í gegnum svæðisbundinn stuðning		Summa í dálki D	Summa í dálki D	<input type="checkbox"/>						

Táknun: x = skýrslugjafarar

Athugasemdir:

- (1) Aðildarríkin skulu forðast tvítalningu fjárhæða í þessari töflu. Ef tiltekin notkun gæti passað inn í nokkrar línur skal velja þá sem á best við og ekki skal færa viðkomandi fjárhæð inn nema einu sinni. Meðfylgjandi textaupplýsingar gætu skýrt slíkar úthlutunarákvarðanir enn frekar, ef nauðsyn krefur.
- (2) Nota má táknlykilinn „upplýsingar ekki tiltækar“ ef alls engar upplýsingar eru tiltækar fyrir viðkomandi dálka.
- (3) Árlegt meðalgengi fyrir árið X-1 eða raunverulegt gengi, sem er notað á fjárhæðina sem er greidd, skal notað til gjaldmiðilsulmreiknings.
- (4) Gefa skal upplýsingar um stöðuna a.m.k. í töflu 3 og þær skulu gefnar upp á aðgreiningarstigi í þessari töflu ef unnt er. Ef aðildarríki geta ekki aðgreint fjárhæðir sem skuldbinding er gerð fyrir og fjárhæðir sem eru greiddar skal velja viðeigandi flokk fyrir tilgreindar fjárhæðir.
- (5) Einungis skal færa inn í þessa töflu veittan fjárstuðning sem er loftslagssértækur eins og er t.d. tilgreint með OECD-DAC-vísun.
- (6) Unnt er að velja nokkra viðeigandi geira. Aðildarríkin mega greina frá dreifingu milli geira ef slíkar upplýsingar eru tiltækar. Einungis ætti að velja „upplýsingar ekki tiltækar“ ef alls engar upplýsingar eru tiltækar fyrir viðkomandi línu.
- (7) Velja skal viðeigandi fjármögnunarleið. Unnt er að velja nokkra flokka ef nokkrar fjármögnunarleiðir eiga við fyrir viðkomandi línu. Einungis ætti að velja „upplýsingar ekki tiltækar“ ef alls engar upplýsingar eru tiltækar fyrir viðkomandi línu.

Tafla 6: Viðbótarupplýsingar um innlenda notkun tekna, flokkaðar eftir tegund fjárnotkunar sem aðildarríkin kunna að veita ⁽¹⁾

	Heildarfjárhæð sem er greidd á árinu x-1		Heildarfjárhæð sem er skuldbundin á árinu x-1		Samsvarandi flokkar í töflu 2		Athugasemdir
	1 000 evrur	1 000 í innlendum gjaldmiðli, ef við á	1 000 evrur	1 000 í innlendum gjaldmiðli, ef við á	Flokkur í töflu 2	Hlutfall af fjárhæð úr völdum flokki í töflu 2	
1							
2							
3							
4							
5							
6							

Flokkar fjárnotkunar:

- 1. Beinn stuðningur við mildun í geirum sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir ⁽²⁾.
- 2. Óbeinn stuðningur við mildun í geirum sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, t.d. nýsköpun ⁽³⁾.
- 3. Beinn stuðningur við mildun á innlendri losun/losun innan ESB í geirum sem ekki falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir ⁽⁴⁾.
- 4. Óbeinn stuðningur við mildun á innlendri losun/losun innan ESB í geirum sem ekki falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, t.d. nýsköpun ⁽⁵⁾.
- 5. Bætur vegna kostnaðarbyrði í tengslum við kolefni ⁽⁶⁾.
- 6. Fjárnotkun til annars en mildunar, t.d. aðlögunar ⁽⁷⁾.

Athugasemdir:

- ⁽¹⁾ Þessi tafla er notuð til að veita viðbótarsundurlitun á upplýsingum um innlenda fjárnotkun í samræmi við flokka sem algengt er að séu notaðir í alþjóðlegum samanburði. Fjárhæðir geta skarast við fjárhæðir sem eru tilkynntar í töflu 2 fyrir þær tegundir notkunar sem falla undir 3. gr. d og 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB.
- ⁽²⁾ Fjárnotkun sem er tilkynnt í þessum flokki gæti náð til hlutfalls fjárnotkunar sem varðar geira innan viðskiptakerfisins með losunarheimildir, sem tilkynnt er um samkvæmt eftirfarandi flokkum í töflu 2:
- a) þróun endurnýjanlegar orku til að uppfylla skuldbindingu Sambandsins,
 - b) þróun annarrar tækni sem stuðlar að umskiptum yfir í öruggt og sjálfbært lággjafniskerfi,
 - c) þróun tækni sem hjálpar til við að uppfylla skuldbindingu Sambandsins um að auka orkunýtni,
 - d) annar samdráttur á losun gróðurhúsalofttegunda,
 - e) fjármögnun sameiginlegra verkefna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í fluggeiranum.
- ⁽³⁾ Fjárnotkun sem er tilkynnt í þessum flokki gæti náð til hlutfalls fjárnotkunar sem varðar geira innan viðskiptakerfisins með losunarheimildir, sem tilkynnt er um samkvæmt eftirfarandi flokkum í töflu 2:
- a) fjármögnun rannsókna og þróunar og sýniverkefna til að draga úr losun og til aðlögunar,
 - b) fjármögnun framtaksverkefna innan ramma stefnumiðaðrar orkutækniáætlunar fyrir Evrópu og evrópskra tækniverkvanga,
 - c) umhverfisvæn föngun og geymsla koltvísýrings í jörðu,
 - d) fjármögnun rannsókna og þróunar í orkunýtni og hreinni tækni.
- ⁽⁴⁾ Fjárnotkun sem er tilkynnt í þessum flokki gæti náð til hlutfalls fjárnotkunar sem varðar geira utan viðskiptakerfisins með losunarheimildir, sem tilkynnt er um samkvæmt eftirfarandi flokkum í töflu 2:
- a) þróun endurnýjanlegar orku til að uppfylla skuldbindingu Sambandsins,
 - b) þróun annarrar tækni sem stuðlar að umskiptum yfir í öruggt og sjálfbært lággjafniskerfi,
 - c) þróun tækni sem hjálpar til við að uppfylla skuldbindingu Sambandsins um að auka orkunýtni,
 - d) binding kolefnis í skógum í Sambandinu,
 - e) hvatning til að skipta yfir í almenningssamgöngur og samgöngur sem valda lítilli losun,
 - f) ráðstafanir sem ætlað er að auka orkunýtni og einangrun eða veita fjárstuðning til að fást við félagslega þætti hjá heimilum sem eru með tekjur sem eru lágar eða í meðallagi,

- g) annar samdráttur á losun gróðurhúsalofttegunda,
 - h) ráðstafanir til að komast hjá skógeyðingu.
- (5) Fjármotkun sem er tilkynnt í þessum flokki gæti náð til hlutfalls fjármotkunar sem varðar geira utan viðskiptakerfisins með losunarheimildir, sem tilkynnt er um samkvæmt eftirfarandi flokkum í töflu 2:
- a) fjármögnun rannsókna og þróunar og sýniverkefna til að draga úr losun og til aðlögunar,
 - b) fjármögnun framtaksverkefna innan ramma stefnumiðaðrar orkutækniáætlunar fyrir Evrópu og evrópskra tækniverkvanga,
 - c) fjármögnun rannsókna og þróunar í orkunýtni og hreinni tækni.
- (6) Fjármotkun sem er tilkynnt í þessum flokki liggur utan gildissviðs þess tilgangs sem er tilgreindur í 3. mgr. 10. gr. og 4. mgr. 3. gr. d í tilskipun 2003/87/EB.
- (7) Fjármotkun sem er tilkynnt í þessum flokki gæti náð til fjármotkunar sem tilkynnt er um undir eftirfarandi flokkum í töflu 2:
- a) greiðsla stjórnunarkostnaðar vegna rekstrar á viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir,
 - b) aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga,
 - c) efling nýrrar færni og endurskipulagning vinnuafis til að hjálpa til við réttláta umbreytingu yfir í lágkolefnishagkerfi,
 - d) önnur notkun innanlands.
-

III. VIÐAUKI

Upplýsingar um fjárstuðning og tæknilegan stuðning til þróunarlanda skv. 1. mgr. 6. gr.

Tafla 1: Veiting stuðnings sem er skuldbundinn og veittur úr opinberum tekjum eftir tvíhliða eða svæðisbundnum leiðum, þ.m.t. tækniþróun og -yfirfærsla og uppbygging getu ef við á ⁽¹⁾ ⁽²⁾

Leið	Viðtakandi	Heiti starfsemi/áætlunar/verkefnis eða annars*	Uppspretta fjármögnunar	Fjármögnunarleið	Tegund stuðnings	Geiri	Skuldbundin fjárhæð ^(a)	Veitt fjárhæð ^(a)	Styrkígildi* ^{(a)(b)}	Undirgeiri * ^(c)	Tækniyfifærsla/uppbygging getu* ^(d)	Viðbótarupplýsingar* ^(e)
<i>Tvíhliða/svæðisbundinn/annar (tilgreinið)</i>	<i>Svæði/land</i>		<i>Opinber þróunaraðstoð (ODA)/aðrar opinberar tilfærslur (OOF)/annað (tilgreinið)</i>	<i>Fjárstyrkur/lán með ívilnunum/lán án ívilnana/eigið fé/ábyrgð/trygging/annað (tilgreinið)</i>	<i>Aðlögun/mildun/þverlægt</i>	<i>Orka/flutningar/iðnaður/landbúnaður/skógrækt/vatn og hreinlæti/þverlægur/annað (tilgreinið)</i>					<i>T/U/bæði/ÁEV</i>	

Athugasemdir:

(1) Gefa skal upp þær upplýsingar sem merktar eru með „*“ eftir því sem liggur fyrir.

(2) Veita skal upplýsingar fyrir almanaksár (X-1).

(a) Fjárhæðin skal gefin upp í innlendum gjaldmiðli.

(b) Veita skal þessar upplýsingar eins og þær eru tilkynntar til Sameinuðu þjóðanna eða Efnahags- og framfarastofnunarinnar í samræmi við alþjóðlega samþykktar kröfur um upplýsingar.

(c) Nota má fimm tölustafa tilgangskóðana sem Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar innleiddi vegna skýrslugjafar í lánatilkynningakerfi sínu (DAC CRS) þegar veittar eru upplýsingar um undirgeira.

(d) Aðildarríki skulu tilgreina „T“ ef starfsemin er innlegg til tækniþróunar- og yfirfærslumarkmiða, „U“ ef hún er innlegg til uppbyggingar á getu, „Bæði“ ef hún er þverlægt og „ÁEV“ ef það á ekki við.

(e) Veita skal viðbótarupplýsingar, s.s. hlekk á viðeigandi upplýsingaskjöl um áætlunina eða lýsingu á verkefninu.

Tafla 2: Veiting stuðnings sem er skuldbundinn og veittur úr opinberum tekjum eftir marghliða leiðum, þ.m.t. tækniþróun og -yfirfærsla og uppbygging getu ef við á ⁽¹⁾ ⁽²⁾

Leið	Marghliða stofnun	Heiti starfsemi/ áætlunar/ verkefnis eða annars*	Uppspretta fjármögnunar	Fjármögnunarleið	Skuldbundin fjárhæð ^(a) (kjarna-/almenn)	Veitt fjárhæð ^(a) (kjarna-/almenn)	Skuldbundin fjárhæð ^(a) (loftslagssértæk)	Veitt fjárhæð ^(a) (loftslagssértæk)	Viðtakandi*	Styrkígildi* ^{(a)(b)}	Innstreymi/ Útstreymi* ^(c)
Marghliða/marghliðatvilið/annað (tilgreinið)			Opinber þróunaraðstoð (ODA)/aðrar opinberar tilfærslur (OOF)/annað (tilgreinið)	Fjárstyrkur/lán með ívilnunum/lán án ívilnana/eigið fé/ábyrgð/trygging/annað (tilgreinið)					Alþjóðlegur/Svæðisbundinn/Landsbundinn		Innstreymi/Útstreymi

Tilreiknað marghliða framlag* ^(d)	Fjármögnunarleið	Tegund stuðnings*	Geiri*	Undirgeiri* ^(e)	Tækniyfifærsla/uppbygging getu* ^(f)	Viðbótarupplýsingar* ^(g)
Já/nei/ÁEV	Fjárstyrkur/lán með ívilnunum/lán án ívilnana/eigið fé/ábyrgð/trygging/stefnuíhlutun/annað (tilgreinið)	Aðlögun/mildun/þverlægt	Orka/flutningar/iðnaður/landbúnaður/skógrækt/vatn og hreinlæti/þverlægur/annar		T/U/bæði/ÁEV	

Athugasemdir:

- (1) Gefa skal upp þær upplýsingar sem merktar eru með „*“ eftir því sem liggur fyrir.
- (2) Veita skal upplýsingar fyrir almanaksár (X-1).
- (a) Fjárhæðin skal gefin upp í innlendum gjaldmiðli.
- (b) Veita skal þessar upplýsingar eins og þær eru tilkynntar til Sameinuðu þjóðanna eða Efnahags- og framfarastofnunarinnar í samræmi við alþjóðlega samþykktar kröfur um upplýsingar.
- (c) Aðildarríki skulu tilgreina hvort tilkynnt fjárhæð byggist á „innstremisframlagi“ til marghliða stofnunarinnar eða á „úttremisframlagi“ tiltæks fjármagns marghliða stofnunarinnar.
- (d) Aðildarríki skulu tilgreina hvort „loftslagssértæka“ fjárhæðin sé reiknuð samkvæmt aðferð Efnahags- og framfarastofnunarinnar með tilreiknaðri marghliða hlutdeild.
- (e) Nota má fimm tölustafa tilgangskóða OECD-DAC CRS þegar gefnar eru upplýsingar um undirgeira.
- (f) Aðildarríki skulu tilgreina „T“ ef starfsemin er innlegg til tækniþróunar- og yfirfærslumarkmiða, „U“ ef hún er innlegg til uppbyggingar á getu, „Bæði“ ef hún er þverlæg og „ÁEV“ ef það á ekki við.
- (g) Veita skal viðbótarupplýsingar, s.s. hlekk á viðeigandi upplýsingaskjöl um áætlunina og lýsingu á verkefninu.

Tafla 3: Upplýsingar um fjárstuðning sem er virkjaður með opinberri íhlutun ⁽¹⁾ ⁽²⁾

Leið	Viðtakandi	Heiti starfsemi/ áætlunar/ verkefnis eða annars*	Tegund opinberrar íhlutunar	Tegund stuðnings	Geiri	Virkjuð fjárhæð (^a)	Undirgeiri* (^b)	Styrkígildi* (^a) (^c)	Fjárhæð af tekjum sem er notuð til að virkja stuðninginn*	Viðbótarupp- lýsingar* (^d)
<i>Tvíhliða/svæðis- bundinn/marg- hliða</i>	<i>Alþjóðlegur/ Svæðisbundinn/ Landsbundinn</i>		<i>Fjárstyrkur/ lán með ívilnun- um/lán án ívilnana/eigið fé/ábyrgð/trygging/ uppbygging á getu/tækniþróun og -yfirlæsla/annað (tilgreinið)</i>	<i>Aðlögun/mildun/ þverlægt</i>	<i>Orka/flutningar/ iðnaður/landbún- aður/skógrækt/ vatn og hreinlæti/ þverlægur/annað (tilgreinið)</i>					

Athugasemdir:

(¹) Gefa skal upp þær upplýsingar sem merktar eru með „*“ eftir því sem liggur fyrir.

(²) Veita skal upplýsingar fyrir almanaksár (X-1).

(^a) Fjárhæðin skal gefin upp í innlendum gjaldmiðli.

(^b) Nota má fimm tölustafa tilgangskóða OECD-DAC CRS þegar gefnar eru upplýsingar um undirgeira.

(^c) Veita skal þessar upplýsingar eins og þær eru tilkynntar til Sameinuðu þjóðanna eða Efnahags- og framfarastofnunarinnar í samræmi við alþjóðlega samþykktar kröfur um upplýsingar.

(^d) Veita skal viðbótarupplýsingar, s.s. hlekk á viðeigandi upplýsingaskjöl um áætlunina eða lýsingu á verkefninu.

Sniðmát 1: Upplýsingar um fjárstuðning sem er virkjaður í gegnum opinberar íhlutanir, flokkað eftir starfsemi ⁽¹⁾ ⁽²⁾, sem skal nota í tilvikum þegar aðildarríki er ómögulegt að fylla út töflu 3

Heiti starfsemi/áætlunar/verkefnis eða annars

--

1. Leið

--

2. Viðtakandi

--

3. Tegund opinberrar íhlutunar

--

4. Tegund stuðnings

--

5. Geiri

6. Virkjuð fjárhæð ^(a)

7. Undirgeiri* ^(b)

8. Styrkígildi* ^{(a)(c)}

9. Fjárhæð af tekjum sem er notuð til að virkja stuðninginn*

10. Viðbótarupplýsingar* (d)

Athugasemdir:

- (1) Gefa skal upp þær upplýsingar sem merktar eru með „*“ eftir því sem liggur fyrir.
- (2) Veita skal upplýsingar fyrir almanaksár (X-1).
 - (a) Fjárhæðin skal gefin upp í innlendum gjaldmiðli.
 - (b) Nota má fimm tölustafa tilgangskóða OECD-DAC CRS þegar gefnar eru upplýsingar um undirgeira.
 - (c) Veita skal þessar upplýsingar eins og þær eru tilkynntar til Sameinuðu þjóðanna eða Efnahags- og framfarastofnunarinnar í samræmi við alþjóðlega samþykktar kröfur um upplýsingar.
 - (d) Veita skal viðbótarupplýsingar, s.s. hlekk á viðeigandi upplýsingaskjöl um áætlunina eða lýsingu á verkefninu.

IV. VIÐAUKI

Eigindlegar aðferðafræðilegar upplýsingar skv. 2. mgr. 6. gr.

Sniðmát 1: Framlagning eigindlegra aðferðafræðilegra upplýsinga, eftir því sem við á, og annarra upplýsinga um skilgreiningar og aðferðafræði

1. Fjármögnun sem varðar loftslagsmál

2. Nýjar og til viðbótar

3. Þróunarland

4. Kjarna-/almennar

5. Loftslagssértækar

--

6. Fjármögnunarleiðir (t.d. fjárstyrkur, lán með ívilnunum, lán án ívilnana, eigið fé, ábyrgð, trygging, annað (tilgreinið))

--

7. Uppspretta fjármögnunar (Opinber þróunaraðstoð (ODA), aðrar opinberar tilfærslur (OOF), annað)

--

8. Staða (skuldbundin og veitt)

--

9. Virkjaður stuðningur (t.d. i. sanngreind skýr tengsl á milli opinberrar íhlutunar og virkjaðs einkafjármagns þar sem framþróun hefði ekki orðið á starfseminni eða hún hefði orðið hæg án aðkomu aðilans, ii. lagðar fram upplýsingar um mælipunkt (t.d. skuldbindingarpunkt, greiðslupunkt) þess einkafjármagns sem var virkjað vegna opinberrar íhlutunar, að því leyti sem mögulegt er með tilliti til tegundar stjórnækis eða fyrirkomulags sem var notað við virkjunina, iii. lagðar fram upplýsingar um þau mörk sem voru notuð til að sanngreina að fjármögnun var virkjuð með opinberri íhlutun)

10. Geiri, undirgeiri

11. Tegund stuðnings (mildun loftslagsbreytinga/aðlögun að loftslagsbreytingum/þverlægt)

12. Opinber fjármögnun/einkafjármögnun (t.d. einkum þegar aðilar eða fjármunir eru blandaðir)

13. Notkun Ríó-merkja (reiknistuðla)

14. Ákvörðun á styrkígildisþætti stuðnings sem er veittur og stuðnings sem er virkjaður þegar styrkígildisupplýsingar hafa verið tilkynntar

15. Aðferðafræði sem er notuð til að ákvarða tölur um virkjaðan stuðning

16. Hvernig komist var hjá tvítalningu milli fjárhæða sem tilkynntar voru sem skuldbundnar eða veittar og þeirra fjárhæða sem voru notaðar í samræmi við 6. gr. Parísarsamningsins af aðilanum sem öðlaðist þær til að ná fram landsákvörðuðu framlagi sínu

17. Lýsing á þeim kerfum og ferlum sem eru notuð til að sanngreina, rekja og gefa skýrslur um stuðning sem er skuldbundinn, veittur og virkjaður í gegnum opinberar íhlutanir

18. Lýsing á landsbundnum kerfum og stofnanafyrirkomulagi fyrir upplýsingamiðlun um fyrirhugaða veitingu stuðnings, þ.m.t. upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi sem tengist verkefnum sem eru fjármögnuð af hinu opinbera og snúast um tækniyfifærslu og uppbyggingu getu í þróunarlöndum samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar

19. Upplýsingar, eftir því sem fyrir liggur, lýsing á landsbundnum kerfum og stofnanafyrirkomulagi til að veita stuðning við tækniyfifærslu og uppbyggingu getu, þ.m.t. um undirliggjandi forsendur, skilgreiningar og aðferðafræði sem eru notaðar til að miðla upplýsingum um stuðning við tækniyfifærslu og uppbyggingu getu

20. Upplýsingar um leiðir og hindranir sem fyrir urðu, lærdóm sem aflað var og ráðstafanir sem gerðar voru til að sigrast á þeim

21. Upplýsingar um hvernig reynt hefur verið að tryggja að stuðningur sem er skuldbundinn, veittur og virkjaður í gegnum opinbera íhlutun samræmist langtímamarkmiðum Parísarsamningsins

22. Upplýsingar um það hvernig skuldbundnum, veittum og virkjuðum stuðningi er beint til að aðstoða þróunarlönd í viðleitni þeirra til að uppfylla langtíamarkmið Parísarsamningsins, þ.m.t. með því að aðstoða þau í viðleitni til að láta fjárstreymi samræmast ferli í áttina að lítilli losun gróðurhúsalofttegunda og loftslagsbreytingaþolinni þróun.

23. Upplýsingar um hvernig veittar upplýsingar endurspeglar framþróun frá fyrri stigum í veitingu stuðnings og virkjun fjármagns samkvæmt Parísarsamningnum

24. Hvernig leitast er við að tryggja að stuðningur sem er veittur og virkjaður í gegnum opinberar íhlutanir taki á skilvirkan hátt á þörfum og forgangsattriðum þróunarlanda, sem eru aðilar, til framkvæmdar á Parísarsamningnum, eins og tilgreint er í landsdrifnum stefnuáætlunum og stjórnþækjum, s.s. tveggja ára gagnsæisskýrslum, landsákvörðuðum framlögum og landsbundnum aðlögunaráætlunum

25. Upplýsingar um aðgerðir og áætlanir um að virkja viðbótarfjármögnun í tengslum við loftslag sem hluta af alþjóðlegu átaki til að virkja loftslagstengt fjármagn frá fjölbreyttum uppsprettum, þ.m.t. um tengslin á milli opinberrar íhlutunar sem á að nota og einkafjármagns sem er virkjað

26. Upplýsingar um skýrslugjöf um marghliða fjármögnun, þ.m.t.: i. hvort sú marghliða fjármögnun sem gefin er upp í skýrslunni byggist á innstreymisframlagi aðilans til marghliða stofnunar og/eða á hlutdeild aðilans í útstreymi marghliða stofnunarinnar, ii. hvort og hvernig marghliða fjármögnun hefur verið tilkynnt sem loftslagssértæk og hvernig loftslagssértæka hlutdeildin var reiknuð, þ.m.t. til dæmis með því að nota fyrirbyggjandi alþjóðlega staðla, iii. hvort marghliða fjármögnun hefur verið gefin upp sem kjarna-/almenn, með þeim skilningi að raunveruleg loftslagstengd fjármögnunarupphæð sem hún mundi millifærast yfir í veltur á vali marghliða stofnananna á áætlunum; iv. hvort og hvernig marghliða fjármögnun hefur verið úthlutað til skýrslugjafaraðilans.

Fyrirliggjandi upplýsingar um fyrirhugaða veitingu stuðnings í samræmi við 3. mgr. 6. gr.

Tafla: Fyrirliggjandi upplýsingar um fyrirhugaða veitingu stuðnings

Ár/tímabil	Viðtakandi ^(a)	Heiti starfsemi/áætlunar/verkefnis	Fjárhæð sem vænst er að verði veitt ^(b)	Tegund stuðnings	Tækniyfirfærsla/uppbygging getu ^(c)	Viðbótarupplýsingar ^(d)
	<i>Alþjóðlegur/Svæðisbundinn/Landsbundinn</i>			<i>Mildun/aðlögun/þverlægur</i>	<i>T/U/bæði/ÁEV</i>	

Athugasemdir:

- (^a) Aðildarríki skulu leggja fram upplýsingar um viðtökuland/-svæði á því aðgreiningarstigi gagna sem þau kjósa.
- (^b) Þegar mögulegt er skulu aðildarríki gefa upp fjárhæð stuðnings sem veita skal í innlendum gjaldmiðli (mælt með til að veita raungildi á grundvelli skuldbindinga).
- (^c) Aðildarríki skulu tilgreina „T“ ef starfsemin er innlegg til tækniþróunar- og yfirfærslumarkmiða, „U“ ef hún er innlegg til uppbyggingar á getu, „Bæði“ ef hún er þverlæg og „ÁEV“ ef það á ekki við.
- (^d) Veita skal viðbótarupplýsingar, s.s. hlekk á viðeigandi upplýsingaskjöl um áætlunina, lýsingu á verkefninu, eða fyrirliggjandi upplýsingar í samræmi við 5. mgr. 9. gr. Parísarsamningsins.

Sniðmát 1: Fyrirliggjandi upplýsingar um fyrirhugaða veiingu stuðnings fyrir hverja starfsemi/áætlun/verkefni sem skal nota í tilvikum þegar aðildarríki er ómögulegt að fylla út töflu 1

Heiti starfsemi/áætlunar/verkefnis

--

1. Ár

--

2. Viðtakandi ^(a)

--

3. Fjárhæð sem vænst er að verði veitt ^(b)

--

4. Tegund stuðnings

--

5. Tæknifyrfærsla/uppbygging getu (c)

6. Viðbótarupplýsingar (d)

Athugasemdir:

- (a) Aðildarríki skulu leggja fram upplýsingar um viðtökuland/-svæði á því aðgreiningarstigi gagna sem þau kjósa.
- (b) Þegar mögulegt er skulu aðildarríki gefa upp fjárhæð stuðnings sem veita skal í innlendum gjaldmiðli (mælt með til að veita raungildi á grundvelli skuldbindinga).
- (c) Aðildarríki skulu tilgreina „T“ ef starfsemin er innlegg til tækniþróunar- og yfurfærslumarkmiða, „U“ ef hún er innlegg til uppbyggingar á getu, „Bæði“ ef hún er þverlæg og „ÁEV“ ef það á ekki við.
- (d) Veita skal viðbótarupplýsingar, s.s. hlekk á viðeigandi upplýsingaskjöl um áætlunina, lýsingu á verkefninu, eða fyrirliggjandi upplýsingar í samræmi við 5. mgr. 9. gr. Parísarsamningsins.

UPPTAKA- OG VIÐTAKAFLOKKAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA	CO ₂ ⁽¹⁾	CH ₄	N ₂ O	Vetnis- flúoró- kolefni	Perflúor- ókölefnir	SF ₆	Ótilgreind blanda af vetnisflúoró- kölefnunum og perflúoróköl- efnum	NF ₃	Samtals
	Koltvísýringisgildi (kt)								
Óbein losun koltvísýrings ⁽²⁾									
Heildarlosun í koltvísýringisgildum án landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar									
Heildarlosun í koltvísýringisgildum með landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt									
Heildarlosun í koltvísýringisgildum, þ.m.t. óbein losun koltvísýrings, án landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar									
Heildarlosun í koltvísýringisgildum, þ.m.t. óbein losun koltvísýrings, með landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt									

Viðskipta- kerfi með losunar- heimildir (ETS)	Skipting byrða ⁽³⁾
	Koltvísýringisgildi (kt)

Athugasemdir:

- (¹) Hvað varðar koltvísýring frá landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt skal tilkynna um nettólosun/nettóupptöku. Að því er varðar skýrslugjöf eru táknið fyrir upptöku alltaf neikvæð (-) og táknið fyrir losun jákvæð (+).
